



Þessir kylfingar notuðu veðurblíðu gærdagsins til að taka hring á golfvöllinum sem staðsettur er í hinu glæsilega landslagi við Gróttuvitann á Seltjarnarnesi. Svo virðist sem teighöggin hafi ekki gengið alveg sem skyldi hjá þeim þar sem draga má þá ályktun af myndinni að leit standi yfir að golfboltum þeirra sem lent hafi utan flatarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mesta gjaldeyrissala frá hrúni

Seðlabankinn seldi meira af gjaldeyri í síðustu viku en hann hefur gert á einni viku frá fjármálahruninu. Skuldabréfasala erlendra sjóða knúði fram inngríp bankans. Ísland hafi burði til að standa af sér krísuna.

VIÐSKIPTI Sala erlendra sjóðastýringarfyrirtækja á íslenskum ríkisskuldabréfum í síðustu viku knúði fram umfangsmestu gjaldeyrissölu Seðlabanka Íslands á einni viku frá fjármálahruninu. Töluverð velta var á gjaldeyrismarkaðinum í síðustu viku, alls 19 milljarðar króna, eftir að stjórnvöld tilkynntu um hertar aðgerðir á landamærunum. Til þess að sporna gegn veikingu krónunnar seldi Seðlabankinn gjaldeyri fyrir 10,7 milljarða, sem nemur yfir einni prósentu af gjaldeyrisforðanum.

BlueBay Asset Management, eitt stærsta sérhæfða skuldabréfastýr-

10,7

milljarðar króna var umfang gjaldeyrissölu Seðlabankans í síðustu viku.

ingarfyrirtæki Evrópu, var á meðal þeirra sem seldu ríkisskuldabréf, samkvæmt heimildum. Fyrirtækið er þó enn með verulega stöðu í íslenskum ríkisskuldabréfum.

Spurður hvernig fyrirtækið meti

stöðuna á Íslandi segir Mark Dowding, yfirfjárfestingastjóri BlueBay, að undirstöður hagkerfisins séu sterkar. „Traust hagstjórn hefur leitt til þess að Ísland hefur burði til að standa af sér COVID-krísuna betur en mörg samanburðarríki,“ segir Dowding. Horft til meðallangs tíma verði Ísland áfram álitlegur áfangastaður fyrir fjármagn.

Seðlabankinn mun gera grein fyrir vaxtaákvörðun peningastefnunefndar í dag. Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhogfræðingur Arion banka, býst við að bankinn muni einnig þurfa að gera grein

fyrir gjaldeyrisinngrípunum.

„Miðað við hreyfingarnar undanfarna daga þá veltir maður fyrir sér hvort þetta sé stefnubreyting. Við fyrstu sýn litur út fyrir að bankinn sé að sporna gegn frekari gengisveikingu vegna versnandi verðbólguhorfa. Krónan hefur gefið eftir, húsnæðismarkaðurinn er sterkur og verðbólgan hefur aukist hraðar og umfram væntingar,“ segir Erna Björg. Það sé á skjön við yfirlýst markmið um gjaldeyrisinngríp til að koma í veg fyrir óhóflegar sveiflur og spiralmýndun á markaðinum. – hae / þfh / sjá Markaðinn

Hluthafarnir yrðu þynntir sem mest út

VIÐSKIPTI Íslensk stjórnvöld settu það sem skilyrði fyrir ríkisábyrgð á 16,5 milljarða lánalínu til Ícelandair að gengið yrði sem lengst í að þynna út eignarhlut núverandi hluthafa í áformuðu útboði flugfélagsins.

Til að koma til móts við þau sjónarmið stjórnvalda var ákveðið að fjárfestum myndi bjóðast áskriftarréttindi sem samsvari allt að fjórðungi af hinum nýju útgefnu hlutum. Sú ráðstöfun rýrir enn frekar virði hlutafjár núverandi hluthafa.


Þá var einnig samþykkt að útboðsgengið yrði aðeins ein króna á hlut en það er nokkuð lægra gengi en stjórnendur Ícelandair höfðu horft til að miða ætti við í útboðinu. – hae / sjá Markaðinn

Ný íslensk uppskera!



KRÓNAN

Veður



Hægviðri eða hafgola. Bjart með köflum í dag, en sums staðar þoku-bakkar við sjávarsíðuna og stöku síðdegisskúr um austanvert landið.

SJÁ SÍÐU 16

Illa gengur að manna leikskóla

REYKJAVÍK Enn er óráðið í 76 grunnstöðugildi í 63 leikskólum borgarinnar og um fjórtíu stöðugildi í 36 grunnskólum. Helgi Grímsson, sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs, segir stöðu ráðninga á leikskólum vonbrigði.

„Við höldum að það myndi ganga betur að ráða inn í leikskólana miðað við atvinnuástandið,“ segir Helgi og bætir við að staðan sé ólík á milli skóla. „Sumir leikskólanna eru fullmannaðir á meðan aðrir eru í töluverðum vandræðum.“

Þá segir hann að ráðist verði í auglýsingar og kynningar til að



Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

ylla í laus stöðugildi. „Þetta er staða sem við höfum þekkt árum saman en við vorum einlæglega að vona að þetta myndi ganga betur núna. Ef við náum ekki að ráða inn í tiltekna leikskóla getur það hægt á innritun í þá skóla, því miður,“ segir Helgi.

Þá segir hann að betur hafi gengið að ráða í störf á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum í ár en í fyrra. Búið er að ráða í 80 prósent stöðugilda miðað við 78 prósent á sama tíma í fyrra. „Unga fólkið er margt enn að bíða eftir stundatöflum úr háskólunum en það gengur gríðarlega vel að manna og það hrúgast inn umskóknir,“ segir Helgi.

Hann segir að enn streymi inn beiðni um veru á frístundaheimilum borgarinnar svo ekki sé ljóst hversu mörg stöðugildi þurfi að fylla. „Við erum bjartsýn í frístundinni og gerum ráð fyrir því að við náum að manna að langmestu eða fullu leyti á leikskólunum þó að það geti orðið einhver töf á.“ – **bdj**

Franska snekkjan séð frá Frakkastíg



Lúxussnekkjan Le Bellot séð frá Frakkastígnum. Snekkjunni er siglt í kringum landið en að ferðunum standa GB ferðir og franska skipafélagið Ponant. Le Bellot tekur 184 farþega og 112 áhafnarmedlími en vikuvöl um borð kostar um það bil 650 þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þyrluflugið dýrt

FLUG Rekstrarkostnaður Airbus H225 þyrlu eins og Landhelgisgæslan notar er tæpar 500 þúsund krónur á hverja flugstund samkvæmt reiknivélinni ACC. Þá er ótalin þyrluleigan en nýir samningar árið 2019 hljóðuðu upp á 340 þúsund krónur á flugstund.

Þyrluferðir dómsmálaráðherra með Landhelgisgæslunni hafa verið gagnrýndar sem brúðl en Georg

» Nýir leigusamningar árið 2019 hljóðuðu upp á 340 þúsund krónur á flugstund.

Lárusson, forstjóri, hefur sagt engan aukakostnað fylgja. Erfitt hefur reynst að fá tölur um hvað ferðirnar kostuðu. Miðað við skýrslu ráðuneytisins frá árinu 2016 um þyrlukaup var heildarkostnaðurinn við flotann árið 2014 tæpur 1,7 milljarður og flugtímarnir 830. Eða rúmlega 2 milljónir króna á hverja flugstund. – **khg**

Rafbækur að verða vinsælli í háskólum

Nám í háskólum er að hefjast þrátt fyrir fjölda- og fjarlægðartakmarkanir. Sala á námsbókum fer vel af stað og vinsældir rafbóka aukast við nám í háskólum. Verkefnastjóri hjá Heimkaupum segir sprengingu í sölu slíkra bóka.

SAMFÉLAG Óttarr Proppé, verslunarstjóri Bóksölu stúdenta, segir bóksölu fara nokkuð vel af stað nú í upphafi annar en nám í háskólum landsins er að hefjast um þessar mundir þrátt fyrir fjölda- og fjarlægðartakmarkanir vegna kórónaveirufaraldursins.

„Við finnum samt breytingu á því að nemendur eru minna í húsi en í venjulegu ári. Nemendur skila sér á öðrum tímum en venjulega og vefverslun á boksala.is er sennilega þreföld miðað við fyrri ár,“ segir Óttarr.

Í háskólum landsins er skólastarf heimilt svo lengi sem hægt sé að tryggja að nemendur og starfsfólk geti haft einn metra á milli sín og skylda er að nota grímur sé ekki hægt að framfylgja þeirri reglu, til að mynda við verklega kennslu. Þá skulu sameiginlegir snertifletir sótthreinsaðir minnst einu sinni á dag og huga skal vel að einstaklings-sóttvörnum.

Sigurður Pálsson, verkefnastjóri hjá Heimkaupum, segir faraldurinn hafa haft áhrif á sölu námsbóka hjá fyrirtækinu og að tala megi um sprengingu í sölu rafbóka. Þá segir hann rafbókavæðingu vera að eiga sér stað í háskólum.

„Það er einfaldlega það sem er að gerast núna,“ segir hann og bætir við að um sex þúsund titlar raf-rænna námsbóka séu í boði og að einnig sé hægt að leigja bækurnar til styttri tíma.

„Þegar námsbók í hefðbundnu formi er farin að kosta vel yfir 15 þúsund krónur leita námsmenn einfaldlega annarra leiða og margir sleppa því jafnvel að kaupa bókina sökum mikils kostnaðar. Hjá Heimkaup geta námsmenn fundið sömu



Óttarr Proppé segir vinsældir rafbóka vera að aukast. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

» Þegar námsbók í hefðbundnu formi er farin að kosta vel yfir 15 þúsund krónur leita námsmenn einfaldlega annarra leiða.

Sigurður Pálsson, verkefnastjóri hjá Heimkaupum

bók í rafbókarformi á mun lægra verði ásamt því að unnt er að lækka kostnaðinn enn frekar með því að leigja bókina yfir skemmri tíma,“ segir Sigurður.

Þá séu nemendur einnig meðvitaðri um umhverfið og kjósi því rafbækur umfram þær prentuðu, ásamt því að tæknilegir möguleikar við lestur rafbóka séu fjölmargir.

Óttarr segist upplifa það að nemendur séu opnari fyrir því að nýta

rafbækur í námi sínu og að þróunin sé í takt við það sem þekktist í löndunum í kringum okkur. „Við sjáum hægt og sigandi aukningu en þó eru rafbækur enn þá aðeins lítil hluti af seldum bókum. Flestir nemendur virðast kjósa bækur á prentuðu formi og enn þá er mesta úrvalið af fánægum útgáfum á pappír,“ segir hann.

Óttarr segir enn fleiri nemendur og kennara opna fyrir þeirri tækni sem felst í notkun rafbóka við kennslu. „Það er mikil aukning í því að stórar námsbækur á háskólastigi séu tengdar gagnabönum með viðbótarupplýsingum, æfingaprófum og því umlíku,“ segir hann.

„Við sjáum að fleiri kennarar og nemendur eru að nýta sér slíkt. Þá er gjarnan boðið upp á hvort sem er pappírs- eða rafræna útgáfu af bókinni auk aðgangs að sérstöku gagnasvæði.“ **birnadrofn@frettabladid.is**

GÓLPEFNA ÚTSALA 30-70% AFSLÁTTUR*

Þúsundir fermetra af flísum, harðparketi o.fl.

*Gildir frá verðlistaverði

ALFABORG - síðan 1986 -

Skútvogvi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

HÆGINDASTÓLAR

20%
AFSLÁTTUR

ÚTSÖLUNNI
LÝKUR Á LAUGARDAG
KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

-20-70%
AFSLÁTTUR

SÓFAR
20-70%
AFSLÁTTUR

EFNI
20-70%
AFSLÁTTUR

SÝNINGARRÚM
20-50%
AFSLÁTTUR

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Hlutdeildarlán klár úr nefnd öðru hvorum megin við helgi

ALÞINGI „Við erum að vinna í því að koma út nefndaráli. Ég býst við því að málið verði afgreitt út úr nefndinni öðru hvorum megin við helgi,“ segir Halla Signý Kristjánsdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins í velferðarnefnd, um frumvarp félagsmálaráðherra um hlutdeildarlán.

Málið er eitt af þeim sem verða á dagskrá Alþingis á þingsubbum svokallaða, sem hefist næstkomandi

fimmtudag. Halla Signý, sem er framsögumaður málsins í velferðarnefnd, segir meirihluta nefndarinnar vera að fara yfir umsagnir um boðaðar breytingartillögur.

Þrátt fyrir að meirihlutinn hafi í breytingartillögum sínum tekið tillit til fjölda athugasemda, sem gerðar voru við frumvarpið á fyrri stigum, standa enn ýmis atriði út af. Þannig leggja ASÍ og VR enn mikla

» **Hlutdeildarlán sem voru hluti aðgerða stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninginn eru hugsuð fyrir ungt fólk og tekjulága.**

áherslu á að tekjuviðmið einstaklinga sem eiga rétt á hlutdeildarlánunum verði felld brott.

Hlutdeildarlán, sem voru hluti aðgerða stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninginn, eru hugsuð fyrir ungt fólk og tekjulága. Þau myndu þá nýtast sem útborgun við íbúðarþau og bera enga vexti. Aðeins er lánað fyrir nýju eða nýlegu hagkvæmu húsnæði. Þó er

gert ráð fyrir undanþágum frá því skilyrði á landsbyggðinni.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök iðnaðarins leggja gegn breytingartillögu um að 20 prósent lánanna skuli veitt utan höfuðborgarsvæðisins og vaxtarsvæða. Telja þessir aðilar æskilegra að hlutfallið verði sveigjanlegt þannig að hægt sé að byggja upp þar sem skortur er hverju sinni. –sar



Skólamáltíðir eru mun ódýrari á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Munurinn á skólamáltíðum er margfaldur

FÉLAGSMÁL Mikill munur er á hæstu og lægstu gjöldum fyrir skólamáltíðir grunnskólubarna. Seltjarnarnesbær tilkynnti nýverið um hækkunir á skólamáltíðum sem kosta nú 655 krónur hver í áskrift. Mikil hagræðing hefur verið á Seltjarnarnesi og halli verið á rekstrinum undanfarin ár.

Seltjarnarnes er með samning við Skólamat sem sinnir máltíðum fyrir ýmis sveitarfélög og niðurgreiðslurnar eru misháar. Gjaldið er þó langhæst á Seltjarnarnesi en þar á eftir kemur Kópavogur með 493 krónur, Garðabær með 485 og Hafnarfjörður 475 krónur.

Skólamatur sinnir einnig Suðurnesjunum og er verið þar umtalsvert lægra, 413 kónur í Grindavík, 408 í Reykjanesbæ og 310 krónur í Suðurnesjabæ.

Í Reykjavík greiða foreldrar 10.050 króna jafnaðargjald. Sem dæmi þýðir það að hver máltíð í september kostar 528 krónur, en verð á hverri máltíð rokkar þó milli mánaða.

Stikkprufa Fréttablaðsins af ýmsum sveitarfélögum á landsbyggðinni sýnir að þar eru skólamáltíðir umtalsvert ódýrari fyrir foreldra. Á Akranesi kosta þær 379 krónur, 315 á Hornafirði og aðeins 150 krónur í Fjarðabyggð. Sums staðar eru þær algerlega gjaldfrjálstar, til dæmis í Rangárþingi ytra. Akureyri er þó með svipað verð og á höfuðborgarsvæðinu, eða 446 krónur. –khg

Beita ríkissjóði til viðspyrnu

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu um breytingu á gildandi fjármálastefnu. Þar koma fram viðbrögð við efnahagskreppu sem orðið hefur vegna kórónaveirufaraldursins.

ALÞINGI Megináhersla endurskoðaðrar fjármálastefnu sem fjármála- og efnahagsráðherra mun leggja fram í þingsályktun til Alþingis, er að auka viðnámsþrótt heimila og fyrirtækja í landinu. Um er að ræða breytingu á gildandi fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022. Markmiðið er að bregðast við þeirri efnahagskreppu sem skapast hefur vegna kórónaveirufaraldursins með því að verja og skapa verðmæt störf um land allt á komandi misserum.

Sett eru markmið um að halli á heildarjöfnuði A-hluta hins opinbera verði að hámarki 14,5 prósent af vergri landsframleiðslu [VLF] árið 2020, 13 árið 2021 og 10,5 árið 2022, að meðtöldu óvissusvigrúmi. Í markmiðum stefnunnar er sett fram óvissusvigrúm í varfærnis-skygni ef efnahagsforsendur verða markvert frábrugðnar núverandi þjóðhagsspa. Umfang svigrúmsins getur numið allt að 2 prósentum árið 2020 og 3 árin 2021 og 2022.

Því er spáð að fram undan sé mesti skellur í afkomu- og skuldabróun hins opinbera frá stofnun lýðveldisins, ef frá eru taldar afleiðingar bankahrunsins 2008. Fjármála- og efnahagsráðuneytið segir sterka stöðu ríkissjóðs gera það að verkum að mögulegt sé að veita sterka viðspyrnu gegn þeim tekjubresti. Skuldir ríkissjóðs verði svo auknar til þess að létta byrðar heimila og fyrirtækja. Aðhaldsráðstafanir verða látnar biða.

Farið verður í öflugt átak í framkvæmdum og arðbærum fjárfestingum í menntun, rannsóknum, nýsköpun, grænum lausnum og stafrænni, opinberri þjónustu. Við núverandi aðstæður í þjóðarþúskapnum er ekki gert ráð fyrir skörpu gengisfalli eða verðbólgu.

Útlit er fyrir að veiking gengis krónunnar verði ekki jafn mikil og í bankahruninu og af þeim sökum mun hallarekstur ríkissjóðs við



Bjarni Benediktsson hefur lagt fram breytingar á gildandi fjármálastefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ríkisstjórnina skortir einnig alla sýn um fjárfestingu og sköpun starfa.

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar

núverandi aðstæður ekki leiða til aukinnar verðbólgu.

Í endurskoðaðri stefnu nú eru lagðar til breytingar á afkomu- umarkmiðum fyrir árin 2020-2022. Gert er ráð fyrir að halli á afkomu ríkissjóðs verði ekki meiri en 11 prósent árið 2020. Eftir það er gert ráð fyrir að afkoman fari batnandi og að hallinn verði ekki meiri en 9 prósent 2021 og 7 árið 2022.

Í endurskoðaðri stefnu nú eru lagðar til breytingar á skuldamarkmiðum fyrir árin 2020-2022. Þannig er gert ráð fyrir að skuldir ríkissjóðs

verði ekki hærri en 38 prósent af VLF árið 2020. Eftir það er gert ráð fyrir að hægi á skuldaaukningunni og að skuldir verði ekki hærri en 47 prósent árið 2021 og 56 árið 2022. Þá eru sett markmið um að skuldir A-hluta sveitarfélaga verði ekki meiri en 7 prósent árið 2020 og 8 árin 2021-2022.

Breytingar á afkomu- og skuldamarkmiðum fela í sér að markmið fjármálastefnu munu ekki uppfylla töluleg skilyrði 7. greinar laga um opinber fjármál árin 2020-2022. Í því felst að halli hins opinbera verður umfram það 2,5 prósent viðmið sem gert er ráð fyrir í lögunum, heildarjöfnuður verður ekki á gildistíma stefnunnar, skuldir hins opinbera fara talsvert yfir 30 prósent viðmið laganna 2020-2022 og útlit er fyrir að skuldahlutfallið fari hákkandi. Í greinargerð með tillögunni segir að óráðlegt sé eins og

sakir standa að hið opinbera magni upp óumflýjanleg samdráttaráhrif sem hlytust af því að uppfylla markmið um afkomu og skuldastöðu í gildandi fjármálastefnu.

„Hin nýja stefna staðfestir að eitt stærsta áhyggjuefnið er auknið atvinnuleysi og því er nóturlegt að stjórnarflokkarnir hafi felld tillögur Samfylkingarinnar um að hækka hinar lágu atvinnuleysisbætur,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd í samtali við Fréttablaðið. „Ríkisstjórnina skortir einnig alla sýn um fjárfestingu og sköpun starfa. Fjármálastefnan sýnir að hin pólitíska barátta vetrarins snýst um að hlífa þeim sem reiða sig á opinbera þjónustu, það eru aldraðir, námsmenn, öryrkjar, sjúklingar eða fátækt fólk. Það kemur ekki til greina að þetta fólk verði láta taka höggið.“ hjorvaro@frettabladid.is

„Ég finn að ég get allt sem mig langar“

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynna nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



Námskeið hefjast:

- 10 til 12 ára 26. sept. 10.00-13.00 8 skipti með viku millibili
- 13 til 15 ára 22. sept. 17.00-20.30 8 skipti með viku millibili
- 13 til 15 ára 12. okt. 17.00-20.30 8 skipti með viku millibili
- 16 til 19 ára 23. sept. 18.00-22.00 8 skipti með viku millibili
- 16 til 19 ára LIVE ONLINE 1. okt kl 18.00-21.00 8 skipti með viku millibili
- 20 til 25 ára 24. sept. 18.00-22.00 8 skipti með viku millibili
- 20 til 25 ára LIVE ONLINE 8. okt. kl 18.00-21.00 2x í viku í 4 vikur
- 18 til 25 ára 9.-11.okt. HELGARNÁMSKEIÐ kl 8.30-16.30

Dale Carnegie

Kynntu þér málið á dale.is eða í síma 5557080. Þú getur skráð þig á ókeypis kynningartíma á dale.is/ungtfolk

DORMA

Láttu drauminn rætast

RENNDU ÞÉR INN Í SUMARIÐ!

Þú kaupir Oakley eða Everley heilsudýnu eða heilsurúm sem afhent er í boxi á hjólum og færð innifalið glæsilegt Aspen fjallahjól*

* á meðan birgðir endast



Hjólreiðatúr



Góður svefn

Vissulega ótrúlegt en staðeynd samt!

Hverri Everley og Oakley heilsudýnu fylgir sérlega vandað Aspen fjallahjól að verðmæti 59.000 kr.*

OAKLEY

heilsudýnan frá Primo er með vönduðu poka-gormakerfi sem veitir mikinn og góðan stuðning. Yfirdýnan er gerð úr mismunandi



svamplögum sem og visco lagi sem aðlagast að líkama þínum og heldur honum í réttri stellingu út nóttina. Oakley heilsudýnan er með kantstyrkingum sem eykur svefnsvæði hennar og endingu. Oakley er millistíf/ stíf og hentar því breiðum hópi.

OAKLEY heilsudýna 30 cm þykk	Stök dýna	Fullt verð m/ Classic botni	Útsöluverð með Classic botni
Oakley 120x200	139.900	175.900	168.700
Oakley 140x200	149.900	189.900	181.900
Oakley 160x200	159.900	204.900	195.900
Oakley 180x200	169.900	219.900	209.900

EVERLEY

heilsudýnan frá Primo er gerð úr 13 gr. poka-gormum sem veita hinn fullkomna stuðning. Stífir kantar auka svefnsvæði dýnunnar. Yfirdýnan er þykk og þægileg



og gerð úr nokkrum mismunandi svamplögum. Viscolag gefur líkamanum þann stuðning sem hann þarf. Dýnan er mýkri á axlar- og mjaðmasvæði til að líkami þinn fái eins náttúrulega sveigju og mögulegt er. Everley er millistíf/ mjúk og er ein vinsælasta dýna Primo.

EVERLEY heilsudýna 35 cm þykk	Stök dýna	Fullt verð m/ Classic botni	Útsöluverð með Classic botni
Everley 120x200	149.900	185.900	178.700
Everley 140x200	159.900	199.900	191.900
Everley 160x200	169.900	214.900	205.900
Everley 180x200	189.900	239.900	229.900

ASPEN

26" FJALLAHJÓL

ASPEN

fjallahjól að verðmæti

59.000 kr.

fylgir með Oakley & Everley heilsudýnum



- 26"
- 21 gír
- demparar á framöxli
- diskabremsur að framan og aftan
- standari
- glitaugu

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast



Brynhildur hlakkar til að opna leikhúsið á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Segir að nýjar reglur muni breyta öllu fyrir leikhúsið

COVID-19 „Þetta eru gríðarlega góðar fréttir og nú getum við klárað að búa til þær góðu sýningar sem við ætlum að sýna áhorfendum okkar þegar kallið kemur, þetta breytir öllu,“ segir Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins, um breytingar í nýrri auglýsingu heilbrigðisráðherra á takmörkunum á samkomum þar sem til að mynda eru leyfðar snertingar á æfingum í sviðslistum og tónlist.

Breytingar á samkomutakmörkunum voru kynntar á fundi ríkisstjórnarinnar í gærmorgun og hafa breytingar einnig verið gerðar á ákvæði um almenna nálægðartakmörkun. Rekstraraðilum verður nú gert að tryggja að minnsta kosti tvo metra á milli einstaklinga sem eru ekki í nánum tengslum, en áður var kveðið á um tvo metra á milli einstaklinga sem deildu ekki heimili.

Þá verða íþróttir almennt leyfðar og í líkamsræktarstöðvum og á sund- og baðstöðum mega gestir aldrei vera fleiri en nemur helmingi eða minna af leyfilegum hámarks-

» Borgarleikhúsið hefur verið lokað síðan í mars vegna sóttvarnaáðgerða.

fjölda gesta samkvæmt starfsleyfi.

Nýju reglurnar um takmarkanir á samkomum taka gildi næstkomandi föstudag, þann 28. ágúst, og verða í gildi til 10. september.

Borgarleikhúsið hefur verið lokað síðan í mars vegna sóttvarnaáðgerða og hafa aðgerðir stjórnvalda vegna kórónaveirufaraldursins haft margs konar áhrif á leiklistar- og menningarlíf hér á landi. Brynhildur segist vona að breytingarnar séu skref í áttina að því að opna leikhúsið fyrir gestum að nýju.

„Vonandi styttist í það að við getum tekið á móti gestum án takmarkana en þetta er það sem við erum búin að vera að biða eftir, nú fáum við að koma saman og næra sálina.“ – bdj



Spirttbrúsum, sem innihalda mikið af etanóli, hefur verið dreift víða vegna COVID-19. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Áfengisvandi fólks aukist í faraldrinum

Sala á áfengi jókst töluvert í COVID-19 faraldrinum. Tæplega þriðjungur meira var selt af áfengi í apríl en í sama mánuði í fyrra. Yfirlæknir á Vogu segir fólk koma veikara inn en áður, þá sé fólk farið að drekka spritt sem sé til víða.

HEILBRIGÐISMÁL Sala áfengis jókst töluvert í fyrstu bylgju COVID-19 faraldursins og í sumar. Samkvæmt tölum ÁTVR var salan 8,2 prósentum meiri í mars á þessu ári en í fyrra, þá tók salan stökk upp í 31,6 prósent milli ára í apríl. Alls seldust tæplega 2,4 milljónir lítra af áfengi í apríl, samanborið við 1,8 milljónir lítra í sama mánuði í fyrra.

Aukningin var 18,5 prósent í maí og 14,8 prósent í júní. Aukningin var 26,6 prósent í júlí, en þær tölur eru ekki samanburðarhæfar þar sem sala verslunarmannahelgarinnar var í júlí í ár en var í ágúst í fyrra.

Víðir Sigrúnarson, yfirlæknir á Sjúkrahúsinu Vogu, segist finna fyrir þessu í störfum sínum. „Fólk fór að vera meira heima í sóttkví, eða að vinna. Þá voru færri hindranir og það fór að drekka meira áfengi. Fólk hefur verið í dagdrykkju jafnvel frá morgni til kvölds og er að koma veikara inn til okkar. Þá er fólk farið að drekka spritt,“ segir Víðir.

Spritt er íðulega gert ódrykkjarhæft með vondu bragði eða sápu-efnum sem valda ógleði. Curtis P. Snook, sérfræðingur í klínískum eitrunarfræðum við Landspítal-

» Sala áfengis hjá ÁTVR í lítrum

	2020	2019	% breyting
mars	1.906.103	1.761.117	8,2
apríl	2.397.368	1.821.530	31,6
maí	2.493.923	2.103.730	18,5
júní	2.400.378	2.091.143	14,8
júlí*	2.979.520	2.352.855	26,6

Júlí er ekki að fullu samanburðarhæfur á milli ára þar sem sala verslunarmannahelgarinnar var í júlí í ár en í ágúst í fyrra.

ann, segir spritt sem notað sé til að verjast COVID-19 faraldrinum innihalda meira en 80 prósent af etanóli. „Aðalvandamálið er etanólmagnid, það eykur líkurnar á meðvitundarleysi og uppköstum í lungu. Þetta er mjög sterkt áfengi og margir taka ekki eftir því hvað þetta er sterkt,“ segir Curtis.

Víðir segir að hópurinn sem hefur tekið upp á því að drekka spritt fái sömu meðferð og aðrir alkohólistar. „Í sjálfu sér er meðferðin sú sama, en þar sem þetta fólk er að innbyrða áfengi frá morgni til kvölds þá eru áhrifin á taugakerfið miklu meiri.

Fráhvörfin eru líka mun verri og hættulegri,“ segir Víðir.

Hann segir framboð fikniefna nóg hér á landi þrátt fyrir faraldurinn. „Kannabis er mikið til framleitt hér á landi, líka amfetamín. Það virðist enn vera til kókaín á markaðnum,“ segir Víðir.

Vandinn sem er mest vaxandi er þó notkun ópíóða. „Það er ópíóðafaraldur sem geisar. Það er neyslu ofskammti sig af öðrum lyfjum. Það eru nú um 190 manns í viðhaldsmeðferð hjá okkur, hluti af þeim er í skadaminnkandi meðferð.“

Í fyrstu bylgju COVID-19 faraldursins var plássum á Vogu fækkað úr 60 niður í 40, nú eru þau um 50. Í dag biða um 530 manns eftir að komast inn á Vog og þarf fólk að biða í 108 daga eftir plássi. Staðan hefur þó verið verri, fyrir rúmu ári voru 730 á biðlista og í byrjun árs var meðalbiðtíminn 120 dagar.

arib@frettabladid.is

Rússar neita ásökunum um eitrun

HEILBRIGÐISMÁL Embættismenn í Kremlin í Rússlandi neita ásökunum þess efnis að Vladimir Pútín, forseti landsins, hafi fyrirskipað að eittrað skyldi fyrir stjórnmalárinum Alexei Navalni.

Dmitry Peskov, talsmaður rússneskra stjórnvalda visar þeim ásökunum til föðurhúsanna og dregur enn fremur í efa lækisfræðilegt mat þýskra lækna en Navalni liggur þungt haldinn í dái á sjúkrahúsi í Berlín. Navalni er þó ekki talinn í lífshættu.

Læknar sem meðhöndluðu Navalni segja líklegt að eittrað hafi verið fyrir honum en Peskov telur að vanda hefði átt betur til verka við matið á ástæðu veikinda Navalnis og skilur ekki hvers vegna svo mikið lá á að gefa út lækisfræðilega ályktun. Navalni veiktist skyndilega þegar



Navalni er nú haldið í dái í Berlín.

» Navalni veiktist skyndilega þegar hann var í flugi frá Tomsk til Moskvu á fimmtudaginn.

hann var í flugi frá Tomsk til Moskvu á fimmtudaginn síðastliðinn og strax kviknaði grunur um að Pútín eða samstarfsmenn hans væru að baki veikindunum þar sem Navalni hefur gagnrýnt rússnesk stjórnvöld harðlega síðustu misseri. Stuðningsmenn Navalnis telja að eitrunin hafi verið komið fyrir í tebola hans á flugvællinum í Tomsk. – hó

Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Manic Panic
hárlitirnir fást
hjá okkur
sendum um allt land



www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

ht.is

RISA

ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ
MAGN!
SJÁÐU ALLT
ÚRVALIÐ Á HT.IS



Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR AKRANES

OPIÐ ALLA HELGUNA Á SUBURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

Pössum börnin



Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Fæstir Íslendingar hafa upplifað aðra eins skerðingu á mannréttindum og við búum nú við. Persónulegt frelsi okkar hefur verið skert verulega. Við megum ekki faðmast og hægt er að svipta okkur frelsi fyrir það eitt að hafa verið á röngum stað á röngum tíma og þau okkar sem eru í útlöndum mega ekki koma heim nema undirgangast mjög íþyngjandi sóttvarnarástafanir fyrst, að viðlögðum sektum.

Við höfum minna rætt þau mannréttindi sem viðbúið er að verði verulega skert í þeirri efnahagskreppu sem nú er skollin á.

Alþingi kemur saman á morgun til að ræða ráðstafanir í ríkisfjármálum og leggja línur fyrir erfiða tíma fram undan. Ljóst er að hallarekstur verður á ríkissjóði vegna tekjuhruns í ferðaþjónustu og ráðstafana ríkisstjórnarinnar til að bjarga því sem bjargað verður í atvinnulífi landsins.

Ekki er hægt að segja með vissu hve lengi erfiðleikarnir og áhrif þeirra á þjóðarbúið muni vara en fyrir þá einstaklinga sem misst hafa vinnuna er hins vegar veruleg hættu á langtímaáhrifum. Afkomubrestur getur haft veruleg áhrif til langs tíma fyrir einstaklinga og fjölskyldur þeirra, jafnvel þótt atvinnuleysið standi ekki lengi yfir. Ungt fjölskyldufólk sem er að koma sér upp þaki yfir höfuðið og koma börnum á legg þolir ekki slíkan afkomubrest, jafnvel þótt hann standi aðeins um skamma hríð.

Réttur til félagslegs öryggis er tryggður í stjórnarskránni. Hann felur í sér jákvæðar skyldur ríkisins til að reka velferðarkerfi sem tryggir þeim sem þess þurfa mannsæmandi framfærslu.

Fjármálaráðherra hefur hafnað kröfu ASÍ um hækkun atvinnuleysisbóta. Hann óttast að því fólk sem byggt hefur upp öflugustu atvinnugrein landsins fari að líða of vel á bótum verði fjárhæðir til þeirra togaðar upp fyrir fátæktarmörk.

Fjöldi fólks sem misst hefur vinnuna að undanfögnu hefur enn engar bætur fengið en Vinnuálagstofnun ræður ekki við mikinn fjölda umsókna sem streyma til stofnunarinnar. Forstjórinn mælist til þess að hin atvinnulausu borgi fyrir þessar annir stofnunarinnar með yfirdrætti hjá fjármálaálagstofnunum og hefur þannig sjálf slegið tóninn fyrir langtímafjárhagsvanda fjölda fjölskyldna.

Börn fólks sem misst hefur vinnuna verða vonandi efst í huga alþingis og ráðherra sem koma saman á morgun til að ræða ríkisfjármálin, eftir að hafa þurft að biðjast afsökunar á lúxuslífi sínu.


Vonandi muna þau að faraldurinn hefur nú þegar haft mikil áhrif á lífsgæði barna. Þótt sóttvarnaráðstafanir í skólum séu tímabundnar er óvíst að áhrif þeirra verði tímabundin, enda á hvert barn bara eina æsku. Enginn fer oftast en einu sinni í þriðja bekk.

Skerðum ekki lífsgæði barna meira en ítrasta nauðsyn krefur og festum þau ekki í fátæktargildru með foreldrum sínum. Börnin fá æsku sína aðeins einu sinni, ólíkt flugfélögum og ráðherra sem mega gera sömu vitleysuna aftur og aftur.



Börnin fá æsku sína aðeins einu sinni, ólíkt flugfélögum og ráðherra sem mega gera sömu vitleysuna aftur og aftur.

Halldór



Frá degi til dags

Skýrsla – blað – skjal
Margir vörpuðu öndinni léttar þegar í gær kom í ljós að þriðlingur Verðlagsstofu kom í leitirnar og er kominn í hendur Samherja. Það er ekki heiglum hent að segja hvað þriðlingurinn er. RÚV segir skýrsla, Samherji segir að þetta sé hluti af excel-skjali, en flestir eru sammála um að þetta sé blað, eða blöð. Það verður engin samstaða milli RÚV og Samherja um hvað barnið á að heita. Til er leikur sem heitir skæri, blað, steinn. Hann má nota til að komast að niðurstöðu um flóknustu mál, jafnvel þetta. Það væri gott sjónvarp yrið þetta útkljáð þannig í beinni.

Sambærilegu málin
Allt ætlaði um koll að keyra, aftur, þegar upp komst að dómáráðherra hefði fengið „skuti“ með þyrlu Landhelgisgæslunnar til að komast á fund. Aðrir ráðherrar eru uggandi um að fjallað verði um sambærileg mál hjá sér og sínum undirstofnunum. Félagsmálaráðherra þarf ekki að bíða í röð til að komast í viðtal hjá félagsráðgjafa. Þá er utanríkisráðherra með fríverslunarsamning við AliExpress. Fjármálaráðherra er alltaf fyrsti í hverjum mánuði til að fá greiddar barnabætur og samgönguráðherra fær heimreiðina mokaða daglega. Svo er bakgarður umhverfisráðherra þjóðgarður.

Samherjar Sjálfstæðisflokksins



Dóra Björt Guðjónsdóttir
borgarfulltrúi
Pírata í Reykjavík

Tæpt ár er síðan ég spurði Eyþór Arnalds hvort afskriftir Samherja hafi verið gjöf eða eftirgjöf skuldar til hans, kjörins fulltrúa, og um leið hvort hann sé í vasanum á Samherja. Ég kallaði eftir því að hann gerði heidarlega grein fyrir sínu sambandi og samskiptum við Samherja, sérstaklega eftir að sýnt var fram á að Eyþór hafi tengsl við fyrirtæki sem Samherji notar til að múta stjórnmalafólki um allan heim. Einfaldar spurningar sem hann hefur aldrei svarað til fulls. Oddviti Sjálfstæðisflokksins í stærsta sveitarfélagi landsins hefur hingað til komist upp með að fá gefnar hundruð milljóna frá Samherja.

Í stað þess að svara ákvað Eyþór að draga mig fyrir forsætisnefnd og saka mig um brot á siðareglum. Þetta er þekkt aðferð hjá Sjálfstæðisflokki og hans bakhjörllum; að grafa undan, smætta og jaðarsetja þá sem setja þeim eðlileg mörk. Aðför Samherja að fjölmiðlafrelsinu þar sem fjölmiðlamaðurinn Helgi Seljan er tekinn fyrir er ágætis dæmi um aðferðirnar. Í því máli liggja þræðir beinustu leið til Valhallar.

Síðasta útspil Samherja í leit sinni að tilfallandi afvegaleiðingu snýst um hvort gagnið sem gagnrýni fjölmiðlamannsins byggist á kallist „skýrsla“ eða „vinnuskjal“. Þetta er bjánalegur útsrúningur. Merkjum okkur að staðfest hefur verið að plaggid er til sem þýðir að upphafleg vörn Samherja um að gagnrýnin byggji á uppspuna hélt ekki vatni.

Fyrrum stjórnarformaður Samherja, náinn vinur forstjórans og ákafur styrkþegi frá fyrirtækinu, er enn sjávarútvegsráðherra þrátt fyrir að staðfest sé að hann var notaður sem leikmunur á hákarlafundi. Þorsteinn Már kynnti Kristján sem „sinn mann“ í ríkisstjórn. Enn sleppur oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík við að svara fyrir himinháar upphæðir frá Samherja í gegnum Kypurfyrirtæki sem notað er til að múta stjórnmalamönnum víða um heim. Enn stundar fyrirtækið linnulausa áróðursherferð gegn siðferðisvitund okkar allra í stað þess að koma heidarlega fram. Þeir standa jú alltaf saman, samherjarnir.




Ferlingarskraut í úrvali!

- Myndaveggir
- Blöðrubogar/lengjur/hringir (fyrir loft)
- Nammbarir
- Súkkulaðiegg í pematitum veislunnar
- Kortakassar
- Kerti
- Servíettur
- Og margt fleira
- Borörenningar
- Blöðrur (fyrir loft/helium)

■ Veggborðar þar sem hægt er að ræða bókstófum saman í hvaða orð sem er, t.d. nafn ferlingarbarns, „Ferling“, „Myndaveggur“, „Kort“, „Nammbar“

Voruúrvalið er að finna á facebook síðu Partybúðin



Finndu okkur á  

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Af blómaverslunum, dyntóttum mönnum og óbreytanlegum ríkisvilja



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur Samtaka verslunar og þjónustu



Sennilegast eru fáir sem heim-sækja blómaverslanir daglega en þeim virðist þó hafa fjölgað sem kaupa blóm og plöntur í því skyni að fegra heimilið eða gleðja aðra. Ég leyfi mér að halda því fram að minningar manna um ferðir í blómaverslanir snúi fyrst og fremst að ferðum í litlar og huggulegar blómaverslanir sem eru reknar af fólki sem er annað um blóm og plöntur og hefur mikla þekkingu á hvernig ber að setja þær fram og annast þær. Flestar blómaverslanir eru litlar, oft einstaklings- eða fjölskyldufyrirtæki. Blóm gleðja og starfsfólk blómaverslana eyðir starfsorkunni í að gera einmitt það að verkum, að við gleðjumst.

Grunnrekstur blómaverslunar er ekki margbrotinn. Viðskiptavinir sækja þangað blóm og plöntur og e.t.v. gjafavörur og tækifæriskort. Það er tilvistarforsenda blómaverslana að meginsölvörurnar séu til staðar. Sölvörurnar eru í eðli sínu ferskvörur og eðlilega hafa blómaverslanir sóst eftir því að bjóða upp á vörur sem eru framleiddar á Íslandi.

Hvaðan koma blómin og plönturnar?

Eitt sinn gátu blómaverslanir keypt vörur beint frá bönda en það er ekki lengur hægt. Vilji blómaverslanir hafa íslenskar vörur á boðstólum þurfa þær að kaupa þær í tveimur blómaheildverslunum. Hjá þeim mæta blómaverslanir oft afgangi. Fyrir stóra viðskiptadaga eins og konudaginn hefur þeim jafnvel aðeins staðið til boða fyrirfram-ákveðinn og mjög smár skammtur afsölvörum.

Audvitað gerist það reglulega í viðskiptum að viðskiptavilji dvínar og við því bregðast menn oft með því að beina viðskiptunum annað. Vegna stöðunnar geta blómaverslanir aðeins snúið sér til erlendra birgja. En í innflutningnum er enn eina hindrunina að finna, þau blóm



Það má með sanni segja að umhverfi blómaverslana sé undarlegt. Hvorki innlendir birgjar né ríkisvaldið virðist hafa áhuga á að þær séu starfandi.

og plöntur sem blómaverslanir þurfa á að halda bera afar háa skatta.

Hlutur ríkisins í gleðinni

Ég held að fæstir geri sér grein fyrir því að þegar þeir kaupa eina rós í blómaverslun þá hefur verslunin e.t.v. þegar greitt nálega 150 kr. í tolla og virðisaukaskatt af blómi sem kostaði 80 kr. í innkaupum. Enn ýktari dæmi mætti taka, sum blóm kosta 25 kr. í innkaupum en hið opinbera hefur fengið nálega 130 kr. þegar varan er boðin til sölu.

Svona hefur þetta að megin-stefnu verið í tuttugu og fimm ár hið minnsta. Ríkisvaldið ákvað að innlendir blóma- og plöntufram-

leiðendur skyldu njóta verndar fyrir samkeppni erlendis frá. Verndin er í formi svo hárra tolla að enginn kemst yfir nema fuglinn fljúgandi. Á þessum tíma hefur hins vegar margt breyst. Neytendur vilja allt önnur blóm og plöntur, innlendum framleiðendum hefur fækkað verulega, blómaverslunum hefur fækkað, aðrar verslanir en blómaverslanir eru með blóm á boðstólum, blómaverslanir geta ekki lengur keypt beint af bönda og heildsölvurnar ráða ferðinni.

Tvær kylfur og engin gulrót

Ekki hafa orðið teljandi breytingar á tollum af blómum og plöntum. Þegar gerðir hafa verið friverslunarsamningar virðist þess jafnan hafa verið gætt að blómaverslanir og viðskiptavinir þeirra njóti ekki góðs af þeim. Þegar alþjóðasamfélagið felldi niður tolla af vörum sem koma frá fátækustu ríkjum heims var gengið sérstaklega úr skugga um íbúar þeirra kæmust ekki upp með að selja blómaverslunum afskorin blóm á hagstæðu verði.

Það má með sanni segja að umhverfi blómaverslana sé undarlegt. Hvorki innlendir birgjar né ríkisvaldið virðist hafa áhuga á að þær séu starfandi. Viðskiptavilji getur verið sveiflukenndur enda eru menn stundum dyntóttir. Afstaða ríkisvaldsins hefur hins vegar verið óbreytanleg og ósanngjörn.

Áhættan, ábyrgðin og frelsið



Ari Trausti Guðmundsson
þingmaður Vinstri grænna



Náttúran, einkum ótemjanlegir ferlar hennar, fylgir ekki umræðunni um frelsi.

Sérstætt er, en ekki óviðbúið, að heimsfaraldurinn hefur kallað fram siðfræði- og heim-spekiumræður óvenju margra um flestar hliðar mjög mikilvægs hugtaks. Það er raunar svo margþætt, umdeilt og viðfæðmt að menn hafa glímt við það öldum saman. Audvitað á ég við frelsið; einn hornstein samfélagsins og lýðræðisins sem við höfum þróað. Við skilgreinum það í samræmi við sjálfmótadar lífsskoðanir, eigið uppeldi, og reynslu og/eda kenningar og hugmyndafræði sem okkur hugnast. Höfum skilgreint hugtök eins og tjáningarfrelsi, félagsfrelsi, atvinnufrelsi og ferðafrelsi. Mátað þau við raunveruleikann, óskir okkar eða væntingar. Samið lög og reglur sem ýmist auka frelsi eða takmarka það, enda starfa samfélag

þjóða á þann hátt og hafa lengi gert. Þannig tengjast stjórnmál frelsinu.

Náttúran, einkum ótemjanlegir ferlar hennar, fylgir ekki umræðunni um frelsi. Hana varðar, jafn laus og hún er við vitund sem mótnarafi á jörðinni, ekki nokkurn skapadan hlut um frelsi mannsins. Náttúruvá, sem við verðum að bregðast við, er hluti af bæði lífrænni og ólífrænni náttúru, allt frá óveðri og eldgosi til engisprettu-, veiru- eða bakteríufaraldurs. Oft tekst að verjast vanni, reyndar misvel, en stundum aðeins unnt að beygja sig og bíða átekta.

COVID-19 faraldurinn fellur í fyrri flokkinn og er illviðráðanlegur í bili og hættulegur. Þar með verður til áhætta: hætta á að hann taki að geisa lítt heftur, hætta á að margir tugir eða enn fleiri látist og hætta á að samfélagsstarfsemi stöðvist umfram það sem við þolum. Áhættuna meta greiðast og réttast þeir sem hana þekkja best. Hún er vegin á móti frelsinu, efnahagsstöðunni, velferðinni og heilbrigði hópa sem standa frammi fyrir mismunandi mikilli hættu af veirunni. Til þessa hefur stjórnvöldum í meginatriðum heppnast að taka ákvarðanir eftir ráðleggingar sérfræðinga og komist bil beggja af ábyrgð. Allir vita að frelsi raungerist ekki án ábyrgðar. Ég tel að meirihluti landsmanna samþykki það, umgangist frelsið frammi fyrir veirunni af ábyrgð, taki á sig efnahagslegar byrðar og sýni af sér samstöðu sem er lyklatríði. Gagnrýni er þörf en þar blasir við að þungu orðin um ónægt frelsi, vega miklu minna en samstaða landsmanna. Þess vegna næst ágætur árangur, eins þótt við gætum þurft að lifa með veirunni næstu misseri.

105
KOFFÍNVATN
330 ML
149
KR/STK
452 KR/L

KLAKI
BLÁR/GRÆNN
500 ML
149
KR/STK
298 KR/L

STJÖRNU
POPP/OSTAPOPP
90/100 G
249
KR/STK
2490/2767 KR/KG

NÓA
EITT SETT
30 G
149
KR/STK
4967 KR/KG

SNICKERS
CLASSIC
80 G
99
KR/STK
1980 KR/KG

TOPPUR
DÓS - 330 ML
129
KR/STK
391 KR/L



Snorri Steinn Guðjónsson og Dagur Sigurðsson. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Valur mun ekki leika í Evrópu

HANDBOLTI Stjórn handknattleiksdeildar Vals hefur ákveðið að draga karlalíðið sitt úr Evrópukeppni í handbolta vegna ferðatakmörkanna og sóttvarnaákvæða af völdum kórónaveirufaraldursins.

Samkvæmt tilkynningu frá stjórn deildarinnar segir að hún telji þetta það eina ábyrga sem hægt er að gera í stöðunni eins og hún er í dag. „Stjórnin vill ekki setja leikmennina, fjölskyldur þeirra eða nokkurn annan í óþarfa áhættu á því að smitast, eða smita aðra, af kórónaveirunni. Handbolta er mikilvægur en ekki mikilvægari en líf og heilsa fólks,“ segir í tilkynningunni.

Valsmenn byrja 10. september í deildinni gegn FH, en þá mun einmitt ný auglýsing verða komin frá ráðuneytinu um hvort áhorfendum verði leyft að sjá þann stórleik. – bb

Áhorfendur áfram bannaðir

COVID-19 Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra kynnti á fundi ríkisstjórnarinnar í gær nýja auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna COVID-19 faraldursins. Samkvæmt auglýsingunni verða áhorfendur ekki leyfðir á íþróttakapleikjum til 10. september hið minnsta. Töluverðar vonir voru bundnar við að áhorfendum yrði leyft að sjá fótbolta að nýju, en áfram verður bann við samkomum með fleiri en 100.

Knattspyrna hefur verið leikin fyrir luktum dyrum að undanförunni en fyrsta umferðin í körfuboltanum er sett á 10. september, eins og fyrsta umferðin í handboltanum. Meistarakeppnir KKÍ og HSÍ fara því fram án áhorfenda. – bb

Áhersla KSÍ verður áfram á framgangi innlendra móta

Formaður KSÍ, Guðni Bergsson, segir að knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, sé að pressa á að leyfa áhorfendum að komast aftur á völlinn og er ánægður með hvernig til hefur tekist eftir að boltinn fór að rúlla af stað að nýju. Hann hefði alveg verið til í að hafa fleiri hendur en fókusinn sé á mótin hér innanlands.

FÓTBOLTI Guðni Bergsson, formaður KSÍ, segir að eflaust væri betra að hafa fleiri hendur á skrifstofu sambandsins enda í mörg horn að líta, en starfsfólkið gangi þó í öll verk eftir bestu getu og reyni að vanda til verka.

Frá því fótoltinn fór aftur af stað hefur borið á töluverðri gagnrýni á sambandið. Nú síðast sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, að sambandið væri að einbeita sér um of að komandi landsleik gegn Englandi, en ekki í þágu íslenskra liða. Þar áður höfðu KR-ingar verið töluvert ósáttir við sóttkvina sem þeir voru skikkaðir í. Fyrrverandi framkvæmdastjóri sambandsins, Þórir Hákonarson, og Börkur Edvardsson, formaður knattspyrndeildar Vals, hafa báðir bent á að þeir hefðu viljað sjá einhvers konar krisuhóp í fyrri bylgju COVID, og svona væri hægt að halda áfram í nokkrar línur til viðbótar.

Guðni skrifaði á heimasíðu sambandsins í gær pistil undir yfirskriftinni Osanngjörn gagnrýni. Þar fór hann yfir sviðið og segir orð Rúnars hafa verið ósanngjörn.

„Við erum auðvitað á fullri ferð við að láta þetta allt saman ganga upp, eins og pistillinn minn bendir á, og það er ekki alltaf auðvelt eins og gefur að skilja. Okkar fókus hefur fyrst og fremst verið á framgang mótanna innanlands og núna á síðustu vikum Evrópuleiki félagsliðanna. Svo erum við auðvitað líka að skipuleggja landsliðsstarfið en minni tími hefur farið í það undanfarið vegna aðstæðna. Það væri of langt mál að telja upp allt það sem við gerum,“ segir Guðni.

Á ríkisstjórnarfundum í gær var það kynnt að áhorfendabann verði allavega til 10. september. Guðni segir að vonandi fái tilslakanir sem fyrst svo áhorfendur geti fengið að komast aftur á völlinn. „Við höfum lagt áherslu á að fá áhorfendur leyfða. Yfirvöld leyfðu áhorfendur í byrjun móts en nú virðist vera meiri



Eftir tæpan mánuð munu Breiðablik og Valur mætast í uppgjöri toppliðanna í Pepsi-deild kvenna. Þá verður vonandi búið að leyfa áhorfendur að nýju. KSÍ er að pressa á að tilslakanir verði leyfðar á völlum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við höfum lagt áherslu á að fá áhorfendur leyfða. Yfirvöld leyfðu áhorfendur í byrjun móts en nú virðist vera meiri varkærni almennt.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ



varkærni almennt. Við reynum að vinna þetta mál með stjórnvöldum og sýna fram á að við förum eftir reglunum og pössum upp á sóttvarnir. Vonandi fást tilslakanir

síðar í vikunni eða sem fyrst. Okkar vilji er alveg skýr í þessu og hefur verið komið vel á framfæri.“

Guðni segir að KSÍ hafi fundað margt með aðildarfélögum, sent út gögn og leitað að upplýsingum frá félögum til þess að greina stöðuna sem best til þess að nota í hagsmunagæslu sambandsins. Hann er ánægður með hvernig til hefur tekist eftir að boltinn fór að rúlla af stað að nýju og segir að sambandið hafi náð góðri lendingu á þessum störfurðulegu tímum þegar fótoltinn var blásinn af að nýju.

„Ég held að það hafi verið unnin mjög góð vinna af mörgum innan KSÍ og utan. Við leitumst við að vinna okkar gögn vel með aðstoð lækna og þeirra sem þekkja vel til. Það er mjög mikilvægt að vera fagleg í svona stöðu og beita góðum

rökum og vandaðri vinnu. Þessi mál eru mikið leyst af þeim aðilum sem hefur verið treyst til þessara verka. Eins og ég upplífi það þá er reynt að byggja þetta á faglegu mati sérfræðinga fyrst og fremst. Nú er kannski pólitíkin að blandast aðeins meira inn í þetta við mat á aðgerðum. Ég tel að við höfum náð mörgu fram á erfiðum tímum.“

Þrátt fyrir háværar gagnrýnisráddir segir Guðni að hljóðið í Laugardal sé gott. „Hljóðið er fint hjá okkur. Það reynir auðvitað á okkur eins og aðra í þessum aðstæðum en við erum von að vinna undir pressu. Það er mikilvægt að halda sér jákvæðum og lausnamiðuðum. Við viljum ná árangri í því sem við gerum og vinna sem best fyrir félögin í landinu,“ segir formaðurinn. benediktboas@frettabladid.is

Maguire kemur ekki með til Íslands

FÓTBOLTI Gareth Southgate, landsliðsþjálfari Englands, opinberaði í gær landsliðshóp sinn sem leikur við Ísland í Þjóðadeildinni laugardaginn 5. september. Harry Maguire, fyrirlíði Manchester United, verður ekki í hópnum þar sem hann var fundinn sekur um líkamsárás, mótspyrnu við handtöku og tilraun til þess að múta lögreglumönnum fyrir grískum dómstólum í gær.

Þrjú nýliðar eru í hópnum. Phil Foden, Mason Greenwood og Kalvin Phillips frá Leeds. Þá eru tveir frá Southampton, Danny Ings og James Ward-Prowse. Enginn vinstri bakvörður er í hópnum, enginn Jack Grealish og enginn Dele Alli.

Harry Kane er á sínum stað þrátt fyrir að hafa þurft að fara í sóttkví eftir fri sem hann fór í á Bahamaeyjum. Raheem Sterling er einnig í hópnum en hann reyndist neikvæður af COVID-19 þótt hann hafi verið í gleðskap með Usain Bolt, sem er kominn í sjálfskipaða sóttkví.



Gareth Southgate, valdi í gær landsliðshópinn sinn. MYND/GETTY

Southgate valdi Maguire í upphaflegan leikmannahóp sinn. Landsliðsþjálfarinn sagðist hafa rætt við leikmenninn sem héldi því fram sannleikurinn í málinu væri ekki í neinum takti við frásögn grísku

Enski hópurinn

Markverðir: Dean Henderson, Jordan Pickford, Nick Pope

Varnarmenn: Trent Alexander-Arnold, Eric Dier, Joe Gomez, Michael Keane, Harry Maguire, Tyrone Mings, Kieran Trippier, Kyle Walker

Miðjumenn: Phil Foden, Mason Mount, Kalvin Phillips, Declan Rice, James Ward-Prowse, Harry Winks

Framherjar: Tammy Abraham, Mason Greenwood, Danny Ings, Harry Kane, Marcus Rashford, Jadon Sancho, Raheem Sterling

lögreglunnar af atburðarrásinni. Þjálfarinn sagði hins vegar að ef það kæmi eitthvað annað upp úr krafssinu þyrfti hann kannski að endurskoða ákvörðunina og það varð síðan að lokum niðurstaðan. – bb

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Ferðafélagsins Útivistar verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2019 kl. 20.

Fundurinn verður haldinn í sal Ferðaklúbbsins 4x4 að Síðumúla 31.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Lagabreytingar.

Ferðafélagið Útivist



ÚTIVIST

Laugavegi 178 • Sími 562 1000 • www.utivist.is

Gerðu góð kaup

FLEIRI KJARABÍLAR

Á KJARABILAR.IS

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru þó fleiri bílar í boði en fram koma í auglýsingunni og þá má finna á www.bl.is/kjarabilar

BJÓÐUM **VALDA NÝJA BÍLA Á KJARABÍLAVERÐI.**
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

KJARAVERÐ
3.990.000 kr.



NOU99

Dacia Duster Comfort

Bensín, fjórhjóladrifinn, beinskíptur. Nýr bíll
Listaverð: 4.450.000 kr.

KJARAVERÐ
6.990.000 kr.



AMV52

Subaru Outback LUX

Bensín, fjórhjóladrifinn, sjálfskíptur. Nýr bíll
Listaverð: 8.090.000 kr.

KJARAVERÐ
4.750.000 kr.



SUL85 100% rafmagn

Nissan e-NV200 Van

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskíptur. Reynsluakstursbíll
Listaverð: 5.570.000 kr.

KJARAVERÐ
5.050.000 kr.



LAB27

Nissan Qashqai Tekna

Bensín, framhjóladrifinn, sjálfskíptur. Reynsluakstursbíll
Listaverð: 5.967.000 kr.

KJARAVERÐ
4.790.000 kr.



GVD17 100% rafmagn

Nissan Leaf N-Connecta

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskíptur. Nýr bíll
Listaverð: 5.130.000 kr.

KJARAVERÐ
7.290.000 kr.



DEZ10

Renault Koleos Initial Paris

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskíptur. Nýr bíll
Listaverð: 7.990.000 kr.

KJARAVERÐ
2.750.000 kr.



ILJ19

Renault Clio V Zen

Bensín, framhjóladrifinn, beinskíptur. Nýr bíll
Listaverð: 2.990.000 kr.

KJARAVERÐ
3.590.000 kr.



ZTX32 100% rafmagn

Renault Kangoo sendibíll

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskíptur. Reynsluakstursbíll
Listaverð: 4.390.000 kr.

KJARAVERÐ
6.450.000 kr.



TBS75

BMW X1

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskíptur. Nýr Bíll
Listaverð: 7.390.000 kr.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanessbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

TÍMAMÓT

Spýtuokaup enduðu vel

Hinn góðkunnir útvarpsmaður, Ævar Kjartansson frá Grimsstöðum á Fjöllum, er sjötugur í dag. Síðasti fasti viðtalsþáttur hans hjá RÚV fer í loftið næsta sunnudagsmorgun.

Jakob Einar Jakobsson, stjórnarmaður í Samtökum ferðaþjónustunnar og eigandi Jómfrúarinnar, segir að Ísland sé hluti af alþjóðasamfélaginu. „Mörg fyrirtæki, eins og veitingastaðir, byggja tilveru sína á að hingað komi erlendir ferðamenn. Það eru erfiðir tímar í vendum í veitingageiranum. Sérstaklega á landsbyggðinni,“ segir hann.

Þráinn Lárusson, sem rekur fimm veitingastaði á Austurlandi og tvö hótél, segir að áður en ferðataka-



Það kemur hvert höggið á fætur öðru.

Þráinn Lárusson, stjórnarformaður 701 hotels sem meðal annars á Hótel Hallormsstað

markanirnar tóku gildi nýverið hafi hann átt von á að viðskiptin yrðu með ágætum í september. Hann hafi hins vegar ekki verið bjartsýnn á að reksturinn í október yrði góður, því að ferðamennirnir sem sóttu landið heim í sumar hafi einkum komið frá Skandinavíu og Þýskalandi. Þeir venji alla jafna ekki komur sínar langt út á land eftir september.

Anda með nefinu

„Ríkisstjórnin hefði mátt anda með nefinu og bíða í tvær til þrjár vikur, því mögulega hefði þá fjarad undan eftirspurninni,“ segir hann.

Þráinn rekur Hótel Hallormsstað og Hótel Valaskjál. Veitingastaðirnir sem um ræðir á Egilsstöðum eru Salt Café Bistró, Skálinn Diner og Glóð. Jafnframt starfrækir hann einnig Kol og Lauf á Hallormsstað. Hann horfir til þess að reka tvo veitingastaði í vetur.

Að hans sögn eru íslenskir ferðamenn að fara frá svæðinu um þessar mundir og þá hafi bókanir gefið til kynna að erlendir ferðamenn myndu taka við keflinu fram að október. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi komið í veg fyrir að það gerist.

„Við sem erum á landsbyggðinni, sérstaklega það sem kalla mætti landsbyggðin fjær, eins og Aust-

firðir, höfum almennt verið í viðvarandi taprekstri frá nóvember til og með febrúar.

Verra en í mars

Þráinn segir að höggið nú fyrir sinn rekstur sé verri en í fyrri bylgju COVID-19 í mars. Þá hafi fáir erlendir ferðamenn verið á ferli á hans athafnasvæði. Hann hafi því í mars einungis haft minna hótél sitt opið. Nú hins vegar hafi hann verið með stærra hótelið opið og bókanir „þurrkuðust út“ þegar sóttvarnarsreglum var breytt nýverið.

„Það kemur hvert höggið á fætur öðru,“ segir hann og nefnir að rétt fyrir verslunarmannahelgi hafi tveggja metra reglunni verið komið á aftur. Það hafi stefnt í frábært veður á Austurlandi og því mátti búast við fjölda ferðamanna á svæðinu. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafi því stórskaðað fyrirtækið.

Vinnumiðlun

MIÐVIKUDAGUR 26. ÁGÚST 2020

Kynningar: Intellecta, Job, Hagvangur



Pórður S. Óskarsson og Thelma Kristín Kvaran hjá Intellecta segja brýnt að byggja upp traust og náið samband við viðskiptavini. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Árangursrík og áreiðanleg ráðningarpjónusta Intellecta

Pórður S. Óskarsson framkvæmdastjóri og Thelma Kristín Kvaran, stjórnendaráðgjafi hjá Intellecta, segja undanfarna mánuði hafa verið bæði viðburða- og lærdómsríka. Fyrirtækið leggur áherslu á að próa stafrænar lausnir sem hafa reynst vel á umbrotatímum. →2



Þórdur S. Óskarsson og Thelma Kristín Kvaran hjá Intellecta segja fyrirtækið leggja áherslu á gott orðspor, vönduð vinnubrögð og árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki sem stofnað var árið 2000 af Þórði S. Óskarssyni, Ph.D. í vinnu- og skipulagssálfræði. Þórdur er framkvæmdastjóri fyrirtækisins og leiðir jafnframt ráðgjöf í mannauðsmálum. „Í dag starfa þrettán reynslumiklir ráðgjafar hjá Intellecta og eru kynjahlutföllin nánast jöfn. Við störfum á fjórum sviðum: ráðgjöf, ráðningum, rannsóknum og fræðslu,“ skýrir Þórdur frá.

„Ég hef starfað sem stjórnendaráðgjafi og sérfræðingur í ráðningum hjá Intellecta í tæp þrjú ár og hefur verið skemmtilegt að fylgjast með þeim breytingum sem hafa orðið hjá fyrirtækinu á þessum tíma,“ segir Thelma. „Það hefur orðið skemmtileg þróun hjá fyrirtækinu t.d. með tilkomu nýrra ráðgjafa sem hafa einbeitt sér að ráðgjöf í stafrænni umbreytingu og stafrænni fræðslu. Það hefur verið mikil eftirspurn eftir slíkri ráðgjöf, enda hefur COVID nánast neytt fyrirtæki og stofnanir til þess að nýta stafrænar lausnir í auknum mæli.“

Dýrmætt orðspor og reynsla

Þórdur segir velgengni fyrirtækisins stafa af verðmætu orðspori og umfangsmikilli og fjölbreyttri reynslu starfsfólks. „Fyrirtækið hefur náð góðri fötfestu og byggir starfsemina á góðu orðspori og árangri af starfi með viðskiptavinum okkar. Okkar vinna hefur skilað virðisauka fyrir fyrirtæki og stofnanir,“ segir hann.

„Okkur er fyrir mestu að skapa virðisauka fyrir viðskiptavinum okkar. Það er aukin og vaxandi krafa um að fagmennska í valferli sé tryggð og miðast allt okkar starf við að uppfylla ströngustu kröfur í þeim efnunum.“

„Intellecta er ein af öflugustu ráðningarstofum landsins og er sá árangur ráðgjöfum okkar að þakka, en þeir búa bæði yfir faglegri þekkingu hvað varðar ráðningar og mannauðsmál og hafa einnig viðtæka reynslu sem stjórnendur úr atvinnulífinu. Við höfum sérhæft okkur í ráðningum sérfræðinga og stjórnenda, en þó tökum við að sjálfsögðu að okkur allar ráðningar, t.d. skrifstofu- og bókhaldsstörf og fleira.“

Þórdur nefnir þá tengslanetið sem hafi mikla þýðingu þegar fyrirtæki leiti að einstaklingum í stjórnunarstöðum. „Ráðgjafar okkar hafa öflugt tengslaneti atvinnulífinu en slík tengsl nýtast vel þegar við höfum verið fengin til að annast beina leit (e. headhunt-

ing) að stjórnendum. Þessi aðferð er meðal annars notuð af stjórnnum og æðstu stjórnendum fyrirtækja sem eru að leita að lykilstjórnendum en hafa ekki hug á því að auglýsa. Við erum líka í sambandi við öfluga einstaklinga sem hafa látið vita af sér án þess þó að vera í beinni atvinnuleit,“ útskýrir Þórdur.

Vönduð og fagleg vinnubrögð

Thelma segir fagleg vinnubrögð og áreiðanleika einkenna alla starfsemi Intellecta. „Hjá Intellecta er mikil uppsöfnuð reynsla sem nýtist viðskiptavinum í öllum málum sem snúa að ráðningum og öðrum þáttum sem tengjast mannauði fyrirtækja. Mikil áhersla er lögð á faglegt hæfnismat á einstaklingum. Við höfum í auknum mæli verið að sjá um ráðningarferlið í heild sinni fyrir opinbera aðila, en þar eru málin flóknari og mikilvægt að þekkja vel til þeirra laga sem þarf að fylgja svo að upplifun okkar viðskiptavina og umsækjenda sé sú að verið sé að vinna faglega og á eins gagnsæjan hátt og kostur er.“

Þórdur tekur í sama streng. „Okkur er fyrir mestu að skapa virðisauka fyrir viðskiptavinum okkar. Það er aukin og vaxandi krafa um að fagmennska í valferli sé tryggð og miðast allt okkar starf við að uppfylla ströngustu kröfur í þeim efnunum. Við viljum tryggja að þeir umsækjendur sem koma í gegnum ráðningarferli okkar séu það vel valdir að það muni um

„Með því að rækta gott samband við viðskiptavinum skapast traust og við skiljum þarfir þeirra betur. Ráðgjöf okkar er þeirra ávinningur og mikilvægt að geta verið heiðarlegur og sagt hlutina eins og þeir eru.“

Þá í þeim starfsmannahópi sem þeir koma til með að starfa í. Við tryggjum það með eins góðum hætti og mögulegt er með því að vanda til verka í ráðningarferlinu og stytta okkur aldrei leið.“

Thelma segir áriðandi að efla tengsl viðskiptavini ásamt því að afla upplýsinga sem veiti henni aukna innsýn í starfsemi fyrirtækja. „Við höfum haft það að leiðarljósi að kynna vel þeim stjórnendum sem við störfum með, t.d. hvernig einstaklingar og stjórnendur þeir eru, hvernig menning einkennir vinnustaðinn, hvernig samsetning starfsmanna er og þess háttar. Þá höfum við lagt okkur fram við að kynna starfsemi vel. Með því að rækta gott samband við viðskiptavinum skapast traust og við skiljum þarfir þeirra

betur. Ráðgjöf okkar er þeirra ávinningur og mikilvægt að geta verið heiðarlegur og sagt hlutina eins og þeir eru.“

Áskoranir í nýju landslagi

Þá hafi ýmislegt breyst í kjölfar faraldursins. „Í upphafi árs sáum við fram á miklar áskoranir vegna COVID-faraldursins og mikið atvinnuleysi varð til þess að umsækjendum um hvert starf fjölgaði töluvert. Samkeppnin um störf er því meiri og mikilvægt að umsækjendur hafi það í huga þegar þeir útbúa umsóknargögnin sín. Mikilvægt er að ferilskráin innihaldi upplýsingar um menntun og reynslu og upplýsi lesandann vel, þannig að hann sitji ekki uppi með nein spurningarmerki. Þá er kynningarbréfið einnig lykilatíði. Við höfum ráðlagt umsækjendum að skoða vel helstu verkefni og hæfniskröfur þess starfs sem þeir eru að sækja um og máta sig inn í starfið með kynningarbréfinu,“ upplýsir Thelma.

Þórdur segir mikið í húfi hvað ráðningar snertir. „Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er það hagar viðkomandi fyrirtækis og einstaklings að vel takist til. Flestir eru sammála um að mannauðurinn sé ein mikilvægasta auðlind fyrirtækja. Árangursríkar ráðningar byggjast á faglegum vinnubrögðum, skilningi á mannlegri hegðun og notkun viðurkenndra aðferða. Vinnusparnaðurinn fyrir stjórnendur er gífurlegur.“

Draumastarfsfólkið er á Job

Sigríður Sigmarsdóttir, eigandi Job, er jákvæð þrátt fyrir undarlega tíma. Aldrei hafa jafnmargir notað Job til leitar að starfsfólki eða nýju starfi. Sigríður lumar líka á ýmsum góðum ráðum.

Fjöldi skráninga hjá Job hefur aldrei verið meiri og í dag eru rétt undir 80 þúsund skráðir notendur á vefnum,“ segir Sigríður, sem hefur í nógu að snúast þessa dagana hjá Job.

Það er enda góður og hagkvæmur kostur að auglýsa hjá Job því verðskráin er einföld og ódýr: aðeins 14.900 krónur auk virðisaukaskatts og engin falin gjöld.

„Forsvarsmönnum fyrirtækja vex oft í augum að auglýsa eftir starfsfólki og að vinna úr umsóknum en með Job er það leikur einn. Við aðstodum fyrirtækis líka með textasmíð ef á þarf að halda,“ segir Sigríður, sæl í sínu starfi, og viðskiptavinir Job eru afar sáttir og ánægðir með hennar þjónustu.

„Margir auglýsa endurtekið hjá Job og má þar helst nefna Landspítalann, Ginger, Ísafjarðarbæ, Hafið, Fiskbúðina Sundlaugarvegi, Smart Boutique, Veidiportið, Sveinsbakari, 20&Sjö, Mathúsið og fleiri,“ upplýsir Sigríður.

Job deilir öllum atvinnuauglýsingum á samfélagsmiðla og kostar birtingar á samfélagsmiðlum án aukakostnaðar fyrir fyrirtæki sem velja að auglýsa hjá Job.

„Þetta er eins hagstætt og þægilegt og hugsast getur, og forsvarsmenn fyrirtækja sjá svo sjálfir um ráðningu draumastarfsmannsins á sínum hraða,“ segir Sigríður.



Sigríður Sigmarsdóttir er eigandi Job og Netheims. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Að auglýsa eftir starfsfólki á Job er eins hagstætt og þægilegt og hugsast getur, og forsvarsmenn fyrirtækja sjá sjálfir um ráðningu draumastarfsmannsins á sínum hraða.“

Job er í takt við nýja tíma

Job hefur nú gengið í gegnum endurnýjun lífdaga og fengið andlitslýftingu.

„Að segja alltaf „punktur.is“ var svolítið í anda tíunda áratugarins og vitaskuld klassik á sínum tíma en í dag erum við bara Job,“ útskýrir eigandinn Sigríður, sem er ein fjögurra kvenna sem standa að vefnum, en Þórdís Aikman er forritari og hönnuður.

„Nýgengin til liðs við okkur er Hildur Björg Gunnarsdóttir. Hún er sérlegur UI/UX-forritari og ætlar að taka notendaupplifun vefsins í gegn. Svo rekur Jenný Guðmundsdóttir lestina og sér um að innsetning starfa sé sem best,“ upplýsir Sigríður.

„Við leggjum mikið upp úr því að ferlið sé sem sjálfvirkast en veitum engu að síður persónulega og góða þjónustu ef einstaklingar eða fyrirtæki kjósa svo. Þá erum við í miklu og góðu samstarfi við Fréttablaðið enda erum við netmiðill þess,“ segir Sigríður.

Fá sérsniðin störf send til sín

Einstaklingar sem skrá sig í atvinnuleit á Job geta stillt vaktina sína og fá þannig störf send til sín sem eru sérsniðin að þeirra áhuga-sviði. Það einfaldar atvinnuleitarferlið til muna því þá þarf ekki að liggja yfir listanum heilu dagana.

Sigríður er beðin um sín bestu ráð þegar kemur að umsóknum og atvinnuauglýsingum.

„Mitt ráð til atvinnuleitenda er þetta: Hafið greinargóða ferilskrá og gott kynningarbréf sem er sniðið að auglýstum starfskrafti. Haldið fókusi og því sem starfið krefst og hvernig þið getið mátað ykkur inn í starfið,“ segir Sigríður.

Ráð hennar til atvinnurekenda er eftirfarandi:

„Gerði nákvæma starfslýsingu: Hvað á starfskrafturinn að gera? Hvað þarf hann að kunna og geta? Flokkið svo umsóknir eftir því hvernig viðkomandi uppfyllir kröfur ykkar.“

Allar nánari upplýsingar á job.is

job

Finnu draumastarfið saman

Erum við að leita að þér?



Sverrir Briem, einn eigenda Hagvangs, segir að mikill fjöldi þeirra starfa sem koma inn á borð til þeirra séu ekki auglýst. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Faglegar ráðningar í 50 ár


Hagvangur hefur starfað á sviði faglegra ráðninga í tæp 50 ár. Reyndir sérfræðingar í faglegri ráðningarþjónustu og ráðgjöf leggja áherslu á að finna hæfasta einstaklinginn í öll störf.

Stærsti hlutinn af starfsemi Hagvangs eru ráðningar en auk þess býður fyrirtækið líka upp á ýmiss konar mannauðsráðgjöf. Fyrirtækið var stofnað árið 1971 og er því með mikla reynslu á sínu sviði. Hjá Hagvangi starfa sérfræðingar sem beita faglegum aðferðum til að finna rétta starfsfólkið í þau störf sem koma inn á borð hjá fyrirtækinu.

„Ráðningar skiptast í grófum dráttum í tvennt þó að þetta blandist eitthvað saman. Við auglýsum störf og fólk sækir um. Við beitum svo þeim aðferðum sem þarf til að finna hæfasta fólkið til að sinna starfinu. Við notum meðal annars stöðluð ráðningarviðvöl og persónuleikamat,“ útskýrir Sverrir Briem, einn af eigendum Hagvangs.

„Við erum í fyrsta lagi að velja fólk úr hópi umsækjenda en svo erum við líka í því að finna fólk. Það eru í rauninni hausaveiðar. Hagvangur hefur verið lengi í þessum geira og fyrirtækið mjög vel tengt inn í íslenskt atvinnulíf. Með því að vera sterk í hausaveiðum og faglegri ráðgjöf tryggjum við alltaf að hæfir einstaklingar fari í þau störf sem við erum að ráða í. Ef við til dæmis sjáum að það þarf sterkara fólk í hóp umsækjenda þá notum við okkar tengsl til að sjá til þess að hæfur umsækjandi bætist við umsækjendahópinn.“

Sverrir segir að starfsfólk Hagvangs fylgist vel með því sem er að gerast í íslensku atvinnulífi og er alltaf tengslum við fólk til að finna rétta starfskraftinn en bíði ekki bara eftir umsóknum.



Hjá Hagvangi starfa reyndir sérfræðingar sem beita viðurkenndum aðferðum til að finna rétta starfsfólkið.

„Það að leita að folki er stór hluti af okkar starfi.“

Stór grunnur af umsækjendum

Þegar fyrirtæki leita til Hagvangs í leit að starfskrafti þá aðstoða sérfræðingar þau og ráðleggja þeim um hvernig best sé að bera sig að.

„Atvinnurekendur velja því oft fyrir sér hvort sé best að auglýsa eða hvort við finnum einhvern fyrir þá. Stundum auglýsum við, ef við teljum það vera best, en oft bjóða aðstæður ekki upp á það. Þá þarf að leita án þess að starfið

sé auglýst og við gerum það líka. Í raun og veru er bara um 30% af því sem við erum að gera auglýst. Það á þó ekki við um störf hjá hinu opinbera þar sem öll störf eru auglýst. Í öðrum tilfellum erum við að leita sjálf en við erum með gríðarlega stóran hóp af umsækjendum,“ útskýrir Sverrir.

Inni á vefsíðu Hagvangs getur fólk fyllt inn almenna umsókn vilji það vera á skrá hjá þeim. Þá er haft samband ef störf sem henta því koma inn á borð hjá fyrirtækinu.

„Þannig að sem atvinnuleitandi þarftu að fylla út almenna umsókn

á vefnum hjá okkur. Þar finnum við í mjög miklum mæli fólk í störf sem ekki hafa verið auglýst.“

Faglegt mat á huglægum þáttum

Eitt af þeim tækjum sem Hagvangur notar til að meta umsækjendur er Hogan persónuleikamat.

„Það er eitt öflugasta persónuleikamatið í heiminum í dag. Með prófinu fáum við faglegt mat á eiginleika eins og metnað, félagsfærni, hvernig viðkomandi vinnur undir álagi, hvort viðkomandi sé hugmyndaríkur og fleira. Þetta eru

“Hagvangur hefur verið lengi í þessum geira og fyrirtækið mjög vel tengt inn í íslenskt atvinnulíf.

Sverrir Briem

Þessir huglægu þættir hjá folki sem er oft erfitt að mæla. Þess vegna eru þessi próf notuð svo við fáum faglega niðurstöðu en byggjum ekki matið á okkar eigin huglæga álitni á umsækjandanum,“ útskýrir Sverrir.

„Við notum þessi próf sífellt meira, sérstaklega þegar strangar kröfur eru gerðar um faglegt ráðningarferli. Þetta er oftast notað á seinni stigum ráðningarferlisins, þegar þarf að gera upp á milli umsækjenda, og hefur reynst gagnlegt í stórum faglegum ráðningarferlum.“

Hagvangur þjónustar bæði stór og smá fyrirtæki og opinberar stofnanir og býður viðskiptavinum sínum alhliða þjónustu við ráðningar á öllum sviðum atvinnulífsins.

„Við bjóðum svo líka upp á stjórnendabjálfun þar sem stuð er við stjórnendamat frá Hogan, vinnustaðagreiningar og komum að lausn ágreiningsmála, svo eitt-hvað sé nefnt.“



Launahækkanir veitingastaða „allt of brattar“

Veitingamaður segir að það muni koma sér „verulega á óvart“ ef lífskjarasamningarnir verði ekki „aðalmálið í haust.“ Laun hækkuðu í maí og muni hækka aftur ári síðar. „Hvernig á að hækka laun þegar risastór atvinnugrein hefur nánast engar tekjur?“

Eyþór Mar Halldórsson, sem á meðal annars Public House, segir að laun í veitingageiranum hafi hækkað mikið frá árinu 2015. „Langt umfram laun í öðrum geirum,“ segir hann og spyr sig hve há laun atvinnugreinin beri. Mögulega muni launahækkanir leiða til þess að sjálfsafgreiðslulausnir verði nýttar í meira mæli, fólk panti og greiði fyrir mat með snjallsíma.

Daníel Jakobsson, sem er með rekstur á Ísafirði, segir að launahækkanir hafi verið „allt of brattar“. Starfsfólk hans sem starfi eftir kjarasamningum og sé á lágum launum, hafi fengið mestar hækkanir. „Laun sem hlutfall af veltu hafa á nokkrum



Í dag er ekkert spennandi að vera í veitingarekstri.

Þráinn Lárusson, atvinnurekandi á Austurlandi

árum farið úr 40 prósentum í 50 prósent. Til viðbótar hafi móttframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóði hækkað og virðisaukaskattur á gistingu hækkaði úr sjö prósentum í ellefu prósent. „Veitinga- og hótélrekstur er ekki fasteignir heldur þjónustan sem við erum að selja og til að veita hana þarf starfsfólk. Hótel á landsbyggðinni stóðu ekki undir þessum launahækkunum. Það er alveg klárt,“ segir hann.

Þráinn Lárusson, sem er með rekstur á Austurlandi, segir að veitingarekstur hafi „breyst gríðarlega“ síðustu fjögur ár. „Það er nánast ekkert orðið eftir,“ segir

Þráinn. Laun hafi hækkað mikið en verð veitinga lítið. „Í dag er ekkert spennandi að vera í veitingarekstri. Hótelin hafa haldið manni gangandi. Það á þó ekki við um sumarið í ár því verðin voru mjög lág.“ Hann segir að verðið hafi getað verið svo lágt vegna þess að lán voru fryst.

Íris Ann Sigurðardóttir, sem rekur The Cocoo's Nest, segir að hún finni meira fyrir tryggingagjaldinu og öðrum sköttum í sínum rekstri en samningsbundnum launahækkunum í kjarasamningum.

Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar, vitnar í ummæli góðs vinar úr faginu. „Þetta er orðið þannig í þessum bransa að vegna háskostnaðar þá þarf hver dagur að vera smá „ópægilegur“ ef þú ætlar að vera í þessum rekstri. Þetta þarf að vera hlaup og allir á milljón og engin yfirbygging, þá hefst þetta,“ segir hann.

atvinnuleysisbótum og fyrir vikið væri lægri atvinnusköpun.“

Daníel, sem rekur Hótel Ísafjörð og veitingastaðinn Við Pollinn, segir að rekstur sinn sé alla jafna árstíðabundinn og að september og október hafi almennt verið góðir. Það verði ekki í ár eftir að skrúfað var fyrir komu ferðamanna til landsins. Um 95 prósent viðskiptavina veitingastaðarins séu erlendir ferðamenn. Hann reki einnig mötuneyti fyrir vinnustaði í bænum en telji það ekki til hefðbundins veitingahúsarekstrar.

Fyrirtækin hafi ekki náð að safna í sjóði í sumar fyrir veturinn, eins og venja sé, og því þurfi að fá aðstoð frá lánveitanda. „Við erum búin að fækka starfsfólki mikið og verðum í einhvers konar híði í vetur,“ segir hann.

Það hafi unnið 16 starfsmenn á ársgrundvelli á veitingastaðnum en þeir verði átta í september. „Við þurfum að lifa með heimamönnum sem er miklu minni markaður.“ Venjulega á sumrin starfi um 50-60 manns hjá fyrirtækjunum en í sumar höfðu þau um 20 manns í vinnu.

Jakob Einar, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar, segir að miklum fjármunum hafi verið varið í að markaðssetja og byggja upp Ísland sem áfangastað árið um kring. Það hafi tekist vel, nú séu góðir veitingastaðir og kaffihús víða um land. Nú megi hins vegar gera ráð fyrir því að í nánustu framtíð verði ferðamannatímabilið einungis þrjár til fjórir mánuðir líkt og fyrir áratug eða meira. „Það er sorglegt ef öll uppbygging undangenginna ára verður að engu. Það á ekki tala niður þetta mikla uppbyggingarstarf eins og sumir hafa gert,“ segir hann.

Að hans mati þurfi ríkisstjórnin að blása til aðgerða til að aðstoða ferðapjónustuna. „Það er verið að gera lítið úr heilli atvinnugrein, fjárfestingunni, þekkingunni og uppbyggingunni, ef einungis er horft til þess sem sumir segja, að lágur aðgangshindranir séu til staðar og því þurfi ekki að rétta henni hjálparhönd, hún muni bara spretta upp af sjálfu sér á ný.“


Lítill áhrif á Jómfrúna

Jakob Einar segir þó að lokun landsins hafi lítil áhrif á rekstur Jómfrúarinnar. Lokunin geri það að verkum að íslenskir viðskiptavinir muni ekki fara í helgarferðir í haust og því muni Íslendingar vega upp tekjutap af færri ferðamönnum.


„Frá árinu 2010 hafa erlendir ferðamenn skilað um 25-30 prósentum af tekjunum. Hlutfallið er herra um hásumartímenn því Íslendingar bóka nær öll borðin í tengslum við jólahald í nóvember og desember. Í sumar, fram að samkomutakmörkunum í ágúst, hafa Íslendingar vegið upp tekjutap af erlendum ferðamönnum. Ég get því

Laun í hlutfalli af tekjum

Laun og launatengd gjöld í veitingasölu sem hlutfall af tekjum



Fjöldi launþega í veitingasölu



ekki kvartað yfir stöðunni í mínum rekstri,“ segir hann.

Jakob Einar telur að hann hafi orðið af um 15 milljónum í tekjur í ágúst því samkomutakmarkanir hafi gert það að verkum að Menn-ingarnótt og Reykjavík pride var slegið af og Jómfrúin gat ekki staðið fyrir árlegri sumardjasshátíð. „Það munar um minna. Ágúst er þriðji stærsti mánuðurinn í okkar rekstri. Sumar og jól eru bestu mánuðirnir sem vega upp á móti tapi sem er alltaf fyrstu þrjá mánuði ársins,“ segir hann.

Margir íslenskir viðskiptavinir

Eyþór Mar Halldórsson, sem á þrjá veitingastaði í miðborginni, gerir ráð fyrir því að veitingastaðirnir verði reknir með hagnaði í vetur, þótt afkoman verði lakari en áður. „Við reynum að komast í gegnum þetta. Viðskiptavinir eru mikið til Íslendingar. Á meðan þeir koma verður þetta ekki stórmál.“

Hann segir að búin hafi verið að gera ýmsar ráðstafanir áður en upplýst var um hertar sóttvarnaaðgerðir í mánuðinum, eins og að breyta opnunartíma á Public House og Brewdog. Lokað sé í hádeginu á Public House nema föstudaga til

sunnudaga þegar boðið sé upp á botnlausan dögur (e. bottomless brunch). Brewdog sé opið frá hádegi, nema mánudaga og þriðjudaga.

Að sögn Eyþórs Mar er lítið upp úr því að hafa að selja hádegismat. Fólk hafi lítinn tíma og vilji ekki eyða of miklu. Hann tekur undir það að verðið sé oft lágt í hádeginu, enda bjóði margir veitingastaðir upp á tveir fyrir einn tilboð.

Eyþór Mar er hluthafi í veitingastaðnum Duck & Rose sem býður upp á hádegismat. „Það er öðruvísi staður en Public House og Brewdog. Hann er mun stærri og hádegislegri, þar er hægt að fá sér pitsu eða fisk dagsins.“

Færra starfsfólk

Aðspurður hvort breyttur opnunartími hafi kallað á færra starfsfólk segir hann að starfsfólki hafi fækkað frá mars með því að ráða ekki nýja starfsmenn þegar einhverjir hafi hætt. Starfsmannafjöldinn nú sé 60-70 prósent af því sem hann var í ágúst fyrir ári.

Eyþór Mar segir að ef það rigni á mánuðegi í september sé líklegt að fáir Íslendingar fari út að borða. Í venjulegu árferði hefðu erlendir

Frá árinu 2010 hafa erlendir ferðamenn skilað um 25-30 prósentum af tekjunum.

Jakob Einar Jakobsson, framkvæmdastjóri Jómfrúarinnar

ferðamenn komið til skjalanna við þær aðstæður og vegið upp á móti því þeir verði að fara út að borða nánast öll kvöld.

Hann hefur orð á því að aðgerðir til að stemma stigu við COVID-19 séu ófyrirsjáanlegar. Hann sýnir því ríkan skilning enda séu aðstæður með þeim hætti að óvissan í baráttunni við veiruna sé mikil. Aðspurður með hvaða hætti hann myndi haga veitingarekstrinum öðruvísi ef aðgerðirnar væru fyrirsjáanlegri nefnir hann að ef vitad væri að tveggja metra reglan ætti að gilda lengi, væri ráð að fjárfesta í því að stúka niður veitingastaði. Aftur á móti ef reglan muni vara stutt, væri óskynsamlegt að leggja háar fjárhæðir í slíkar framkvæmdir.

Koma sjaldnar en áður

Íris Ann Sigurðardóttir, sem á og rekur The Cocoo's Nest ásamt eigingmanni sínum, segir að viðskiptavinir þeirra séu einkum fastagestir „sem haldi með okkur. Við höfum aldrei stólað mikið á ferðamenn.“ Hún segir um 90 prósent viðskiptavina búa á Íslandi. Þau finni þó fyrir því að viðskiptavinir séu að passa sig á COVID-19 og komi því ekki eins oft og áður.

Aðspurð hvaða áhrif tveggja metra reglan hafi á reksturinn segir hún að það hafi orðið „verulegt tekjutap“ við það að missa borð. Rekstur fyrirtækisins njóti góðs af því að hafa stækkað fyrir skemmstu með opnun Luna Flórens í sama húsi.

„Við höfum líka hvatt viðskiptavinir til að taka mat með heim og höfum notið góðs af því að hægt hefur verið að sitja úti,“ segir hún.

Þráinn segir að „fótunum hafi verið kipt undan okkur“ með tveggja metra reglunni. Salan hafi hrunið um 30 prósent á veitingastöðunum. „Það er erfitt að reka veitingastaði með tveggja metra reglunni. Fyrir suma er það nánast útilokað,“ segir hann.

Jakob Einar segir að tveggja metra reglan geri það að verkum að veitingastaðurinn er að hámarki í 70 prósentu afköstum. „Við getum tekið inn 50-70 manns, eftir því hvernig raðast á borðin, í stað 100 manns,“ segir hann og nefnir að góðviðrisdagar geri það að verkum að fólk vilji sitja úti. „Þannig náum við flottum dögum inn á milli, veltulega séð.“

Þráinn segir að mikill meirihluti veitingastaða muni skadast af færri ferðamönnum. „Það gefur auga leið,“ segir hann. Að hans sögn munu þó sum veitingahús, sem þjóni einkum Íslendingum, njóta góðs af ferðatakmarkunum ef þær leiði af sér að tveggja metra reglan verði afnumin því þá muni vera hægt að reka þau með eðlilegum fjölda borða.

Næsti Eyjafjallajökull

Daníel segir að þó það „sviði til skamms tíma“ að hafa lokað landinu fyrir ferðamönnum séu tækifæri í því til langs tíma að halda vel á málum varðandi COVID-19. „Við vorum að fá nýja hópa í sumar sem komu vegna þess hve vel við stóðum okkur gagnvart veirunni. Við værum að forna minni hagsmunum fyrir meiri með því að klúðra COVID. Þetta gæti orðið verðmæt umfjöllun eins og þegar Eyjafjallajökull gaus,“ segir hann.

Til að komast í gegnum skaflinn, að hans mati, þurfi allir að standa saman: ríkið leggi sitt af mörkum, fyrirtækjaeigendur sómuleiðis, sem og stéttarfélagin og bankarnir. „Ef allir gera eitthvað smá eignum við að geta komist í gegnum þetta,“ segir Daníel.

Við erum búin að fækka starfsfólki mikið og verðum í einhvers konar híði í vetur.

Daníel Jakobsson, framkvæmdastjóri Hótel Ísafjarðar

Leggjast í híði

„Flestir veitingamenn í kringum mig eru að fara að loka og leggjast í híði,“ segir hann. Þarsíðustu helgi varð hann segja upp „óhemjumiklu af starfsfólki,“ segir hann. Samanlagt næstum 60 manns sem störfuðu við hótelin og veitingastaðina. Alla jafna hefðu flestir þeirra haft atvinnu fram í október. „Reksturinn í september verður eins og venjulega í nóvember og desember.“

Þráinn segir að í venjulegu árferði væru um 56 manns með vinnu út árið en í október verði 18-19 starfsmenn hjá samtæðunni.

Þráinn segir að framlengja þurfi hlutabótaleiðina. „Það er fólk hjá okkur sem sér ekki fram á annað en atvinnuleysi. Ef það héldi ráðningarsambandinu myndi það halda í vonina,“ segir hann.

Að hans mati eigi ekki að líta á hlutabótaleiðina sem ríkisstyrk. Í stað þess að starfsmaður sé á fullum atvinnuleysisbótum sé hann á 25 prósentu launum frá atvinnulífnum. „Viðkomandi hefði ella lent á fullum



„Frumkvöðlar, sem vilja selja fyrirtæki sín fljótt, eru að byggja upp léleg fyrirtæki. Það byggir enginn framúrskarandi fyrirtæki og er með hugann við að selja það,“ segir Bala Kamallakharan. FRÉTTABLAÐIÐ

Safnar í vísisjóð fyrir stærri sprota

Þótt Bala Kamallakharan fjárfesti í sprotum er fjárfestingafélag Warrens Buffett fyrirmynd hans. Hann segir að það geti verið byrði á fyrirtækjum á klakstigi að ráða óvant starfsfólk. Hefur ekki tapað fé á því að fjárfesta í sprotum sem hann hefur unnið náið með.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Bala Kamallakharan, sem rekur fjárfestingafélagið Iceland Venture Studio, vinnur að því að safna í stærri vísisjóð til að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum sem eru komin lengra á veg en þau sem hann fjárfestir í nú þegar. Hann á í viðræðum við lífeyrissjóði og stærri fjárfesta um þátttöku í framtakssjóðnum.

Fjárfestingafélagið hóf göngu sína í lok árs 2018 og hefur Iceland Venture Studio safnað 3,6 milljónum dala frá fjárfestum, jafnvirði tæplega fimm hundruð milljóna króna, í tveimur atrennum, í því skyni að fjárfesta í upphafsstigum fyrirtækja. Félagið hefur hingað til einungis fjárfest í fyrirtækjum þar sem verkefnið eru komin stutt á leið og fámennur hópur hefur komið auga á tækifærin í þeim lausnum og vörum sem verið er að þróa. Félagið hefur fjárfest í sex sprotum en ekki

Margir vinir minir sem fjárfesta í nýsköpun gera gys að mér og segja að ég sé of áhættufælinn. Ég segi að það sé af og frá, ég vil bara ekki fjárfesta í sprotafyrirtæki sem mun ekki ganga upp.

er um að ræða vísisjóð með tiltekinn líftíma heldur fjárfestingafélag.

Fjögur af sex fyrirtækjum í eignasafninu eru íslensk og af hinum tveimur er annað indverskt (en Bala er þaðan) og hitt ísraelskt. „Við takmörkum ekki fjárfestingar okkar við landfræðilega staðsetningu enda fjárfestum við í tækni sem leysir tiltekinn vanda á heimsvísu. Viðskiptavinir eru um heim allan,“ segir hann.

Erlendir fjárfestar

Að sögn Bala hafa nokkrir erlendir fjárfestar lagt Iceland Venture Studio til fé, þar á meðal Bre Pettis, sem situr í fjárfestingaráði fjárfestinga-

félagsins ásamt Ara Jónssyni, rektor Háskólans í Reykjavík, Magnúsi Bjarnasyni, stofnanda Mar Advisors, og Ingrid Vanderveldt fjárfesti.

„Bree Pettis stofnaði MakerBot Industries, sem framleiðir þrívíddarprentara og flutti erindi á ráðstefnu á vegum Startup Iceland sem ég stóð að,“ segir hann.

Bala lagði einnig eigin fjármuni undir. „Ég fjárfesti í Iceland Venture Studio. Það er mikilvægt að leggja eigið fé undir til að hvatar fjárfestingafélagsins séu réttir (e. skin in the game).“

Fjárfestu lífeyrissjóðir í Iceland Venture Studio?

„Nei, þeir vilja ekki fjárfesta fyrir jafn lágar fjárhæðir og gert er á upphafsstigum fyrirtækja. Ég er hins vegar að vinna að því að koma á fót stærri sjóði í samstarfi við lífeyrissjóði sem myndi starfa eftir sömu fjárfestingastefnu og nú er unnið eftir, nema fjárfesta í sprotum sem eru komnir lengra á veg. Margir frumkvöðlar hafa leitað til mín en ég hef ekki séð mér fært að fjárfesta í fyrirtækjum þeirra því þau voru komin of langt á veg, þau voru

komin með gott teymi og að stækka á heimsvísu. Ég hef vegna þessa því miður þurft að hafna góðum fjárfestingartækifærum.“

Bala segir að fjárfestingastefnan sé leiðarljós í fjárfestingum hans. Hún hverfist um að algóritmar, gögn og framleiðsluferli séu ekki lengur miðstýrð. „Það er ef til vill best að útskýra þetta með dæmi. Við fjárfestum í RetinaRisk. Fyrirtækið þróaði algóritma sem venjulega er í heilbrigðiskerfinu en við bjuggum til einfalt forrit í síma svo að hver sá sem þjáist af sykursýki geti fræðst um hverjar líkurnar séu á að hann verði blindur. Þetta er gott dæmi um algóritma sem er ekki lengur miðstýrt.“

Einn af stofnendum fyrirtækisins er Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum við Háskóla Íslands. Hann stofnaði sömuleiðis nýsköpunarfyrirtækið Oculis, sem þróa augnlyf fyrir sjúkdóm sem herjar á sykursjúka. Það hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Thor Aspelund, prófessor í líftölfræði, sem fer fyrir þróun á spálíkani heilbrigðisyrivalda um þróun

Hingað til hef ég ekki tapað á að fjárfesta í sprotafyrirtækjum sem ég hef unnið með, og vona að það breytist ekki.

COVID-19 smita, hannaði spálíkan RetinaRisk.

„Við fjárfestum í RetinaRisk árið 2018 og um hálf milljón manna hefur sótt forritið um heim allan. Fyrirtækið vex hratt. Næsti áfangi er að fá notendur til að greiða fyrir þjónustuna,“ segir Bala.

Í hverju felst þín vinna við að aðstoða fyrirtækin?

„Ég ver miklum tíma með teyminum. Við veltum fyrir okkur hvernig hægt sé að fjölga notendum/viðskiptavinum og hvaða leiðir séu færar í markaðs- og sölumálum. Ég starfa jafnframt náið með vöruteyminum og við ræðum upplifun notenda og hvaða þörfum við erum

Innflytjendur leggja meira á sig

Innflytjendur þurfa að leggja harðar að sér til að ná langt í nýju landi, segir Bala. „Ég er alltaf reiðubúinn að fjárfesta í öðrum innflytjendum og hef gert það tvisvar, hluti stofnenda Guide to Iceland er af erlendu bergi brotinn og Breti er á meðal stofnenda Greenvolt.“

Ef ég hefði beðið eftir að safna í sjóð sem stendur undir launum mínum væri ég enn að bíða. Þannig vil ég ekki haga lífi mínu heldur byggja upp fyrirtæki og fjárfesta í frumkvöðlum.

Þjónustu er hægt að leita uppi fólk sem þarf á henni að halda, og rukka notendur um meira en sem nemur kostnaði fyrirtækisins.

Það að fjárfesta í nýsköpun er ekki eins og að leggja undir í spila-víti. Frumkvöðull sem ég hef trú á, leggur allt sitt í sprotafyrirtækið, hvers vegna ætti ég að halda að það muni ekki ganga upp hjá honum? Ég stend með frumkvöðlunum. Mín hugmyndafræði er að það njóti allir góðs af því ef frumkvöðlinum tekst ætlunarverkið. Með þeim hætti byggji ég upp Iceland Venture Studio.

Margir vinir mínir sem fjárfesta í nýsköpun gera gys að mér og segja að ég sé of áhættufælinn. Ég segi að það sé af og frá, ég vil bara ekki fjárfesta í sprotafyrirtæki sem mun ekki ganga upp.

Ég hef hagað mér með þessum hætti í meira en áratug og ekki tapað eyri á að fjárfesta í sprotafyrirtækjum.“

Ekki tapað á sprotum

Það getur ekki verið, þú hlýtur að hafa tapað á einhverju?

„Hingað til hef ég ekki tapað á að fjárfesta í sprotafyrirtækjum, sem ég hef unnið með, og vona að það breytist ekki.“

Hvað hefurðu fjárfest í mörgum?

„Ég hef fjárfest í kringum 30 fyrirtækjum. Mörg þeirra voru sem „engill“ þar sem ég var ekki í beinum samskiptum við teyminn og um var að ræða mjög lágar upphæðir.“

Teymi sem ég hef unnið beint með og tekið virkan þátt í viðganginum hafa gert mjög góða hluti. Fyrst fjárfesti ég í Clara, því næst Greencloud, þriðja var Buuteeq og fjórða var Guide to Iceland.“

Fyrstu þrjú fyrirtækin voru keypt af fyrirtækjum sem skráð eru á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum.

Hvað reiknarðu með að eiga fyrirtækin í eignasafninu lengi?

„Við getum ekki ráðið því hvað það tekur langan tíma að selja fyrirtækin. En við getum stýrt því hvað það tekur langan tíma að rekstur þeirra verði sjálfbær, í því skyni að þau brenni ekki peningum.“

Í Kísildalnum er hugmyndafræðin sú að fyrirtækin brenni eins miklu af peningum og þeim er unnt svo þau geti aflað eins margra notenda og kostur er. Uber er dæmi um það. Að mínu mati er það hræðileg hugmynd. Rekstur fyrirtækja þarf að standa undir sér.“

Hversu erfitt verður að selja fyrirtækin í eignasafninu eftir einhver á?

„Stofnendur fyrirtækjanna ráða þeirri vegferð. Ég segi þeim ekki hvað þeir eigi að gera hvað það varðar. Alla jafna eigum við lítinn hlut í fyrirtækjunum en höfum vissulega áhrif.“

